# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

270. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 15. NÓVEMBER 2016




**Í sigurvímu** Hagaskóli stóð uppi sem sigurvegari í Skrekk, hæfileikakeppni grunnskólanemenda í Reykjavík, í gærkvöldi annað árið í röð og í áttunda sinn alls. Þar af komu sex titlar á tíu árum, frá 1993-2002. Átta skólar tóku þátt á úrslitakvöldinu í ár sem fór fram í Borgarleikhúsinu. Ölduselsskóli lenti í öðru sæti og Árbæjarskóli í því þriðja. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Mjakast áfram

**STJÓRNMÁL** Fulltrúar Bjartrar framtíðar, Sjálfstæðisflokksins og Viðreisnar funduðu áfram í gær um myndun ríkisstjórnar.

„Þetta mjakast hægt áfram,“ sagði Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar, skömmu áður en Fréttablaðið fór í prentun. Hann gerði ráð fyrir að unnið yrði fram á nótt til að reyna að ná samkomulagi og kvaðst hóflega bjartsýnn á að niðurstaða næðist.

Sjálfstæðismenn sem rætt var við vísuðu á formanninn, Bjarna Benediktsson, sem svaraði ekki. Sama gildir um fulltrúa Bjartrar framtíðar. Er formlegar stjórnarmyndunarviðræður hófust var miðað við að taka stöðuna í upphafi vikunnar. Fáist ekki niðurstaða fyrripartinn í dag er talið að viðræðurnar hafi strandað. – jóe



# Ofbeldi vex í desember

**Vígslubiskup segir jólakvíða ýta undir ofbeldi. Fleiri leiti eftir sálusorgun á nýju ári en um jól. Meira er um heimilisofbeldi í desember en öðrum mánuðum.**

**SAMFÉLAG** „Það er rosalega mikil spenna sem fylgir jólunum,“ segir Solveig Lára Guðmundsdóttir, vígslubiskup á Hólum.

Í samantekt Rannsóknarstofnunar í jafnréttisfræðum á verkefninu Saman gegn ofbeldi kemur fram að fleiri tilkynningar um heimilisofbeldi berast lögreglu í desember en í öðrum mánuðum.

Kristín I. Pálsdóttir, einn skýrsluhöfunda, telur eina skýringuna geta verið að meira áfengi sé haft um hönd í desember en öðrum mánuðum.

Solveig Lára telur skýringarnar fleiri. Spennan um jól geti tengst peningum. „Oft verður mismunandi forgangsröðun peninga að ágreiningsefni milli hjóna,“ segir hún. Þá geti væntingar um hið fullkomna jólahald valdið spennu.

> Fólk er alltaf að tipla á tánum í desember að reyna að halda friðinn. Ef það fer úr böndunum eru það frekar Kvennaathvarfið eða lögreglan sem verða vör við það.



Solveig Lára Guðmundsdóttir, vígslubiskup á Hólum.

„Öll blöðin sýna þessi fullkomnu heimili þar sem allt á að vera tipp topp og svo er þetta ekki svona hjá þér. Allt þetta skapar spennu,“ segir hún.

Solveig Lára segir presta kirkjunnar, sem veita sálusorgun, tala um jólakvíða. Þar sem ofbeldi er fyrir á heimilum geti jólakvíðinn ýtt undir ofbeldi í desember. Oftast sé þó spurt eftir sálgæslu strax eftir jólin.

„Fólk er alltaf að tipla á tánum í desember að reyna að halda friðinn. Ef það fer úr böndunum eru það frekar Kvennaathvarfið eða lögreglan sem verða vör við það,“ segir hún. Prestar sjá þetta frekar í janúar þegar daglegt líf taki við. – jhh / sjá síðu 8

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Lilja Margrét Olsen skrifar um íbúðarsparnað millistéttaraula. 14

**SPORT** Leikmenn sem hafa staðið fyrir utan byrjunarlið íslenska landsliðsins fá tækifæri gegn Möltu í kvöld. 16

**TÍMAMÓT** Svarta gengið er um bónda sem heiðrar sínar svörtu kindur. 18

**LÍFIÐ** Guðjón Davíð Karlsson eða Gói eins og hann er oft kallaður er hægt og rólega að færa sig yfir í skrifin. 34




**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður




Suðvestan hvassviðri með skúrum eða slydduéljum en snjóél til fjalla og líklegt að það geti slegið í storm í éljahryðjunum. Hægari vindur og lengst af þurrt á Norður- og Austurlandi. SJÁ SÍÐU 22

# Systur á sakabekk



Hlín Einarsdóttir játaði í gær, við þingfestingu í Héraðsdómi Reykjavíkur, að hafa reynt að kúga fé af Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, þáverandi forsætisráðherra. Systir hennar, Malín, játaði hlutdeild í brotinu. Þær eru einnig ákærðar fyrir að kúga fé af Helga Jean Claessen, en systurnar hafna því alfarið. Málinu verður fram haldið 14. desember eftir að greinargerðum hefur verið skilað. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Gunnar í mótbyr í Skagafirðinum

**SVEITARSTJÓRNIR** Gunnar Bragi Sveinsson sjávarútvegsráðherra fær harða gagnrýni í heimabyggð sinni Skagafirði vegna úthlutunar á byggðakvóta. Skagafjörður fékk 19 þorskígildistonn sem eyrnamerkt eru Hofsósi en engan byggðakvóta til Sauðárkróks.

„Niðurstaða þessi er með öllu óásættanleg og ljóst að reglur um úthlutun byggðakvóta mæta engan veginn tilgangi þess að úthluta byggðakvóta til byggðarlaga sem standa höllum fæti, svo sem eins og til Hofsóss,“ segir í bókun atvinnu-, menningar- og kynningarnefndar Skagafjarðar sem skorar á Gunnar Braga að breyta reglum um úthlutun byggðakvóta strax og úthluta kvótanum aftur. – gar



Gunnar Bragi Sveinsson sjávarútvegsráðherra.




Forsetinn ásamt Lindu P. á athöfninni. Í pontu stendur Ásgerður Jóna Flosadóttir, formaður Fjölskylduhjálpar Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Veittu viðurkenningar

**SAMFÉLAG** Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og Linda Pétursdóttir fegurðardrottning afhentu í gær viðurkenningu Fjölskylduhjálpar Íslands en Linda er vildarvinur og fyrrverandi verndari samtakanna. Sjálfboðaliðar og fyrirtæki sem lagt hafa samtökunum lið á árinu fengu viðurkenningu.

Þá opnaði forsetinn við sama tilefni heimasíðuna Íslandsforeldri. Þar gefst fólki kostur á að styrkja Fjölskylduhjálpina með mánaðarlegu framlagi. Síðuna má finna á fjolskylduhjalp.is. – jóe


Speglaskápar




INNRÉTTINGAR & TÆKI

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 til 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is


# Meintir hrappar sitja um sóknargjöld zúista

**Ekki er vitað hvort yfir 33 milljónir króna af skattfé sem renna áttu til zúista á Íslandi verði endurgreiddar sóknarbörnum eða fari til fyrrum forsvarsmanna félagsins. Innanríkisráðuneytið vinnur í málinu. Lög um trúfélög þykja óskýr.**

**STJÓRNSÝSLA** Fari svo að innanríkisráðuneytið úrskurði fyrrum forsvarsmönnum trúfélags zúista á Íslandi í hag varðandi stjórnarskipti í félaginu eiga þeir von á að hagnast um ríflega 33 milljónir króna.

Félag zúista starfar nú með það að markmiði að endurgreiða sóknargjöld til skráðra meðlima félagsins en þær áætlanir eru nú í uppnámi.

Samkvæmt vef Hagstofunnar eru skráðir félagar 3.087 talsins. Hvert sóknarbarn greiðir 898 krónur á mánuði til þess trúfélags sem það er skráð í eða 10.776 krónur á ári.

Fyrrum forsvarsmenn og stofnendur félagsins eru bræðurnir Ágúst Arnar og Einar Ágústssynir sem eru grunaðir um fjármunabrot meðal annars með því að hafa aflað talsverðra fjárhæða í gegnum hópfjármögnunarsíðuna Kickstarter.

Bræðurnir hafa verið til rannsóknar héraðssaksóknara, áður sérstaks saksóknara, en Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari segist í samtali við Fréttablaðið búast við því að aðalmeðferð fari fram í máli bræðranna í byrjun næsta árs.

Mál bræðranna hafa vakið mikla athygli og var meðal annars fjallað um þá í Kastljósi á síðasta ári þar sem fram kom að þeir hefðu safnað tæplega 200 þúsund dollurum, ríflega 22 milljónum króna, í nýsköpunarverkefni sem aldrei varð af. Vefsíðan lokaði á fjórðu söfnun bræðranna en töluvert tilefni þarf til að söfnun sé lokað.

Í millitíðinni auglýsti sýslumaður eftir forsvarsmönnum fyrir trúfélag bræðranna, ellegar yrði félagið lagt niður sökum fámennis. Samkvæmt lögum þurfa 25 manns að vera skráðir í trúfélag svo það teljist virkt. Ný stjórn, án nokkurra tengsla við bræðurna, tók við keflinu og hét því að endurgreiða sóknargjöld til meðlima. Á skömmum tíma varð félagið eitt stærsta trúfélag landsins.



Zúismi er alvöru trúarbrögð úti í hinum stóra heimi. Hér á landi starfar félagið í pólitískum tilgangi. Yfirlýst markmið sitjandi stjórnar er að endurgreiða sóknargjöld til meðlima. Félagið er eitt stærsta trúfélag landsins. NORDICPHOTOS/AFP

> Að svona kúl pólitískur gjörningur verði að einhverjum leikfjármunum fyrir þessa labbakúta er frekar frústrerandi.
>
> Sigurður Orri Kristjánsson, sóknarbarn zúista



Bræðurnir Ágúst og Einar höfðuðu þá mál á hendur Ríkissjóði Íslands til að fá greidd sóknargjöld til félagsins. Kurr er á meðal stjórnarmanna í zúistum vegna málsins enda var markmiðið með að halda félaginu gangandi ekki að einhver myndi hagnast á gjörningnum heldur að endurgreiða sóknargjöld til sóknarbarna.

„Málið er bara í biðstöðu. Það er það eina sem hægt er að segja um málið núna,“ segir Snæbjörn Guðmundsson stjórnarmaður. Stjórnin hafi reynt að stofna rekstrarreikning fyrir félagið en málið hafi reynst flóknara en gert hafi verið ráð fyrir.

„Það eru ekki allir alveg á sama máli innan stjórnsýslunnar um hvernig á að höndla þetta. Þeir leggja fram kæru til ráðuneytis og ráðuneytið hefur tekið sér tíma til að fjalla um það og greiða úr flækju sem er komin upp.“

Sigurður Orri Kristjánsson skráði sig í zúista um það leyti sem ný stjórn tók félagið yfir. „Það væri frekar fúlt ef þeir [bræðurnir] fá fjármunina frá íslenskum skattborgurum. Að svona kúl pólitískur gjörningur verði að einhverjum leikfjármunum fyrir þessa labbakúta er frekar frústrerandi.“

snaeros@frettabladid.is




The Power to Surprise

## Glæsilegur pakki fylgir nýjum Kia

Nýjum **Kia Sportage, cee'd, Carens, Sorento** og **Soul** fylgir nú veglegur kaupauki til áramóta. Þú færð að velja stútfullan vetrarpakka af aukabúnaði eða spennandi ferðapakka með gjafabréfi út í heim. Kynntu þér málið á **pakkadagar.kia.is**

**Reynsluaktu nýjum Kia hjá okkur og fáðu allar upplýsingar beint í æð.**

ASKJA

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

# Íbúar skora á vinsælan lækni sem fær ekki fulla stöðu á Hvolsvelli

**HEILBRIGÐISMÁL** Undirskriftum íbúa í Rangárþingi eystra er nú safnað til að skora á Þóri Kolbeinsson, lækni á Hellu, að halda áfram störfum við Heilbrigðisstofnun Suðurlands og skorað er á stjórn HSU að gera það sem í hennar valdi stendur til að halda í starfskrafta hans. Skila á undirskriftum til forstjóra HSU í lok vikunnar. Á meðan komum á heilsugæsluna á Hvolsvelli hefur fjölgað í takt við fjölgun ferðamanna á svæðinu hefur lækninum, Þóri Kolbeinssyni, verið neitað um fulla stöðu við heilsugæsluna og íhugar hann því að flytjast búferlum. Síðan í hruninu hefur Þórir verið í 75 prósent



Ísólfur Gylfi Pálmason

stöðu sem læknir. Þórir hefur um árabil reynst svæðinu vel og því finnst íbúum sárt að sjá á eftir honum.

Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri Rangárþings eystra, segir Þóri hafa verið öflugan lækni og fjöldi íbúa vilji ólmir halda honum áfram á svæðinu.

„Þórir hefur verið kjölfesta í samfélaginu og þess vegna er þessi undirskriftasöfnun orðin að veruleika. Íbúar á svæðinu hafa þurft að taka á honum stóra sínum vegna skorts á þjónustu HSU hér á Hvolsvelli síðustu misseri," segir Ísólfur Gylfi. Hann vill þó árétta að undirskriftasöfnunin er ekki á vegum sveitarfélagsins heldur sprottin upp hjá hjá grasrót íbúa á svæðinu sem vilji halda Þóri.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur andað köldu í samskiptum manna á milli innan HSU. Ekki er langt síðan sveitarstjórn krafðist þess að HSU færi eftir samningi við sveitarfélagið þegar HSU ætlaði að loka starfsstöð sinni á Hvolsvelli. **– sa**



**Þórir Kolbeinsson fær ekki fulla læknisstöðu og sættir sig ekki við aðeins 75 prósent starf á Hvolsvelli.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Jimmie Åkesson, leiðtogi Svíþjóðardemókrata.** NORDICPHOTOS/AFP

## Telja Åkesson skilningsríkastan

**SVÍÞJÓÐ** Jimmie Åkesson, formaður Svíþjóðardemókrata, er sá flokksleiðtogi sem flestir telja að skilji aðstæður „venjulegra kjósenda". Þetta eru niðurstöður nýrrar skoðanakönnunar á vegum Nordic PA Research.

Alls telja 48 prósent að Åkesson sé skilningsríkastur en 31 prósent telur að leiðtogi Vinstri flokksins, Jonas Sjöstedt, skilji venjulega kjósendur. Tæpur þriðjungur, eða 29 prósent, telja að Stefan Löfven forsætisráðherra skilji aðstæður kjósenda. Samsvarandi tala fyrir leiðtoga hægri manna, Önnu Kinberg Batra, er 13 prósent. **– ibs**

## Ellefu nautgripir drápust í bruna

**AUSTURLAND** Ellefu nautgripir drápust í stórbruna á bænum Fögruhlíð í Jökulsárhlíð í gær.

Baldur Pálsson, slökkviliðsstjóri hjá Brunavörnum á Austurlandi, sagði í samtali við Vísi í gær að altjón hefði orðið á 540 kinda fjárhúsi og gripahúsi. Ekkert fé var í fjárhúsinu.

„Kindurnar voru allar úti," sagði Baldur sem kvað slökkviliðið mundu verða á vettvangi þar til búið væri að ganga úr skugga um að slökkt væri í öllum glæðum. Er rætt var við hann í gærkvöld bjóst hann við að slökkvistarfið stæði fram á nótt.

Baldur sagði íbúa ekki hafa verið heima er eldurinn kom upp og að upptök eldsins væru enn óljós. **– sks**

# Laun grunnskólakennara hafa hækkað minna en launavísitala

**Laun kennara hafa hækkað um 86,7 prósent á síðustu tíu árum en þó ekki jafn mikið og launavísitala. Boðað hefur verið til samstöðufundar í dag og kennarar hvattir til að leggja niður störf klukkan hálf þrjú.**

**SKÓLAMÁL** Grunnlaun grunnskólakennara með tíu ára starfsreynslu eru nú ríflega 440 þúsund krónur en laun grunnskólakennara hafa hækkað um 86,7 prósent á tíu ára tímabili. Launin hafa því hækkað minna en sem nemur launavísitölu sem nemur 92,7 prósentum. Samninganefndir kennara og sveitarfélaga funduðu í gær og munu hittast á ný á morgun.

Grunnskólakennarar eru samningslausir síðan í sumar og hafa tvívegis fellt samninga síðan þá. Í dag, þriðjudag, hafa grunnskólakennarar verið hvattir til að ganga úr vinnu klukkan 14.30 og mæta á kröfufund kennara í Háskólabíói.

Þá verða sambærilegir fundir í Hafnarfirði og Reykjanesbæ og kennarar ætla að fjölmenna á áhorfendapalla á fundi borgarstjórnar til að krefjast hærri launa.

„Ég á ekki von á því að þetta muni hafa áhrif á kennslu enda henni að mestu lokið á þessum tíma," segir Ragnar Þór Pétursson, kennari og einn skipuleggjenda fundarins.

Sé tekið mið af launareiknivél á vef Félags grunnskólakennara sést að grunnskólakennari sem er að hefja störf og hefur eins árs starfsreynslu er með 397.555 krónur í grunnlaun. Þess utan fá kennarar svokallaða annaruppbót tvisvar á ári, í desember og júní, 76.500 krónur í hvort skipti. Samtals 153 þúsund krónur í uppbót árlega.

Kjarasamningur grunnskólakennara frá 2014 gerði meðal annars ráð fyrir því að afsal áunninna réttinda um að kenna færri tíma á viku eftir því sem liði á starfsævina gæti falið í sér kjarabætur. Níutíu prósent kennara afsöluðu sér þeim réttindum.

Ragnar segir að semjist ekki á næstu tveimur vikum megi gera ráð fyrir því að kennarar fái endanlega nóg, segi upp og leiti í önnur störf.

„Við höfum fellt sama kjarasamninginn tvisvar. Það virðist vera þjóðarsátt um það að kennarar séu láglaunastétt. Þeir ná ekki meðallaunum og eru talsvert langt frá því. Þegar stefnt var að stöðugleika var áfram miðað við að við værum láglaunastétt og við sættum okkur ekki við það." **snaeros@frettabladid.is johannoli@frettabladid.is**



**Fulltrúar grunnskólakennara mættu til fundar við viðsemjendur sína frá sveitarfélögunum hjá ríkissáttasemjara í gær.** MYND/JÓHANN K.

> Það virðist vera þjóðarsátt um það að kennarar séu láglaunastétt.
>
> Ragnar Þór Pétursson kennari








HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 16-1336

## Ein viðamesta vísindarannsókn Íslandssögunnar

# LEGGÐU OKKUR LIÐ

„Við Íslendingar stöndum framarlega í baráttunni gegn krabbameini. Nú gefst okkur tækifæri til að leggja lið mikilvægum rannsóknum með því að taka þátt í þjóðarátaki gegn mergæxlum. Árangur þessarar umfangsmiklu rannsóknar er undir því kominn að þátttaka verði almenn svo unnt verði að byggja á henni til framtíðar.

Sem verndari þessa átaks höfða ég til landsmanna allra að ganga til liðs við færustu vísindamenn okkar, sem vinna að þessu verkefni í þágu okkar allra.“

**VERNDARI VERKEFNISINS**
**Vigdís Finnbogadóttir**
*Forseti Íslands 1980–1996*

**ÞJÓÐARÁTAK GEGN MERGÆXLUM**
Á næstu dögum fer í hönd ein umfangsmesta blóðskimunarrannsókn sem ráðist hefur verið í á Íslandi. Öllum einstaklingum eldri en 40 ára (fæddum 1975 eða fyrr) búsettum á Íslandi, verður boðin þátttaka.

Tilgangur rannsóknarinnar er að meta mögulegan ávinning af því að skima fyrir forstigi mergæxlis. Metið verður hvort skimunin sé hagkvæm, hvaða áhrif vitneskja um forstig krabbameina hefur á lífsgæði einstaklinga og hvort unnt sé að lækna mergæxli með því að meðhöndla það fyrr en nú er gert um allan heim. Talið er að 4% fólks yfir fertugu sé með forstigið og að árlega þrói 1% þeirra með sér mergæxli.

**ÞAÐ ER EINFALT AÐ TAKA ÞÁTT**
Til að taka þátt þarftu einungis að veita samþykki. Næst þegar þú ferð í blóðprufu af einhverjum ástæðum munum við fá hluta af blóðsýninu til að skima fyrir forstigi mergæxlis. **Þú þarft ekki að fara í sérstaka blóðprufu vegna rannsóknarinnar.**

Á www.blodskimun.is finnur þú allar frekari upplýsingar um rannsóknina, auk þess sem hún er vandlega útskýrð í bæklingi sem fylgir þátttökubeiðninni.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Krabbameinsfélagið

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS




Alda Hrönn Jóhannsdóttir, sækir ráðstefnu í Helsinki. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Steig til hliðar en talar fyrir lögregluna

**LÖGREGLAN** Alda Hrönn Jóhannesdóttir, aðallögfræðingur lögreglustjóraembættisins á höfuðborgarsvæðinu, er einn af fyrirlesurum á ráðstefnu um kynjað ofbeldi sem fer fram í lok mánaðarins í Helsinki.

Alda steig til hliðar hjá lögreglunni um miðjan október eftir að settur héraðssaksóknari hóf rannsókn á störfum hennar í LÖKE-málinu svonefnda. Henni er gefið að sök að hafa misbeitt lögregluvaldi við rannsókn málsins.

Á kynningarsíðu ráðstefnunnar segir að Alda komi fram fyrir hönd lögreglunnar í Reykjavík. Hún muni ræða nýja nálgun sem lögreglan hefur þróað í samstarfi við félagsmálayfirvöld í baráttunni gegn heimilisofbeldi. Alda hefur starfað fyrir hönd lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í samstarfsverkefninu „Saman gegn ofbeldi“ og er fyrirlestur hennar þáttur í kynningu á niðurstöðum verkefnisins.

„Hún gegnir engum trúnaðarstörfum fyrir lögregluembættið eins og er,“ segir Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins. Hún segir jafnframt að embættið geti ekki upplýst um hverjar kunni að vera fyrirætlanir Öldu á meðan hún er fjarverandi frá störfum og í leyfi.

Alda hefur neitað sök um að hafa misbeitt lögregluvaldi. Hún segir að aðkoma sín að LÖKE-málinu hafi fallið undir starfsskyldur sínar og að hún hafi rækt þær af fyllstu fagmennsku og í samræmi við meðferð slíkra mála. – þh

## Saksóknari í sendiráði




Sænski saksóknarinn Ingrid Isgren yfirheyrði Julian Assange, stofnanda Wikileaks, í sendiráði Ekvador í London í gær. Assange var yfirheyrður í tengslum við rannsókn sem hófst fyrir sex árum vegna ásökunar í hans garð um nauðgun. Assange hefur búið í sendiráðinu frá árinu 2012 til að forðast framsal til Svíþjóðar. Hann kveðst óttast áframhaldandi framsal til Bandaríkjanna vegna lögbrota Wikileaks. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Skotárásum í Svíþjóð fjölgar

**SVÍÞJÓÐ** Nær eitt þúsund skotárásir hafa verið gerðar í Stokkhólmi, Gautaborg og Malmö á fimm árum. Að minnsta kosti 355 hafa særst í árásunum 948 og 71 hefur látið lífið.

Þegar vitað er hver árásarmaðurinn er hefur í þriðjungi tilfellanna verið hægt að sýna fram á tengsl við skipulagða glæpastarfsemi, að því er segir í grein fimm háttsettra lögreglumanna og afbrotafræðinga í Dagens Nyheter.

Æ sjaldnar tekst að leysa morðmálin. Í upphafi tíunda áratugar síðustu aldrar tókst að leysa um 90 prósent málanna en eftir 2010 undir 25 prósentum.

Greinarhöfundar fara fram á aukið fjármagn til baráttunnar við skipulagða glæpastarfsemi. – ibs




# Háskóli Íslands stefnir í 300 milljóna halla

**Háskólaráð telur HÍ ekki geta staðið undir hlutverki sínu í samfélaginu. Rektor segir að þrátt fyrir niðurskurð og hallarekstur þurfi að ráðast í umbætur á næsta ári. Kallar eftir viðbrögðum stjórnmálaflokka í meirihlutaviðræðum.**

**MENNTUN** Háskóli Íslands verður að óbreyttu rekinn með 300 milljóna króna halla á þessu ári. Háskólaráð telur algjöra óvissu ríkja um framhaldið.

Að óbreyttu geti Háskóli Íslands ekki staðið undir hlutverki sínu í íslensku samfélagi. Langvarandi undirfjármögnun háskólans muni hafa bein áhrif á grunnstoðir samfélagsins og draga jafnframt úr áhuga og möguleikum ungs fólks á að mennta sig og starfa á Íslandi.

„Við erum búnir að vera í miklum niðurskurði á undanförnum árum og þetta bara gengur ekki lengur,“ segir Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, í samtali við Fréttablaðið. Þrátt fyrir allan þann hallarekstur sem stefnir í þurfi að ráðast í ýmsar umbætur. „Þess vegna er staðan mjög erfið.“

Jón Atli fer ekki í neinar grafgötur með það að ályktun háskólaráðs sé beint að stjórnmálaflokkunum í viðræðum um myndun meirihluta. „Já, við erum að gera það og við fögnum því að stjórnmálamenn tóku málefni háskólanna til umfjöllunar í kosningabaráttunni og við teljum það gríðarlega mikilvægt að það gleymist ekki núna þegar farið er að mynda ríkisstjórn. Vegna þess að þetta er framtíð þjóðarinnar sem við erum að hugsa um fyrst og fremst,“ segir hann.

Jón Atli bendir á að Íslendingar séu að ná Norðurlandaþjóðum í samanburði hvað varðar hlutfall þjóðarinnar sem sækir háskólamenntun.

„Aðalatriðið er að standa vel við bakið á háskólastarfinu þannig að nemendurnir séu vel fjármagnaðir, ef svo má að orði komast,“ segir háskólarektor. jonhakon@frettabladid.is

### Þurfa 1,5 milljarða

Háskólar á Íslandi eru ekki jafn vel fjármagnaðir og háskólar í nágrannalöndunum, segir í ályktun háskólaráðs þar sem vísað er í skýrslur Efnahags- og framfarastofnunarinnar. „Mikilvægt er að stíga strax ákveðin skref í þá átt að bæta fjármögnun háskólanna með auknum fjárveitingum. Til að gera allra brýnustu leiðréttingar á reikniflokkum ólíkra námsgreina þarf Háskóli Íslands um 1,5 milljarða króna árið 2017,“ segir í ályktuninni og tekið er fram að núverandi reikniflokkaverð mennta- og menningarmálaráðuneytisins hamli eðlilegum og nauðsynlegum kennsluháttum við skólann. „Dregið hefur verið úr þjónustu við nemendur, álag á starfsfólk aukist til muna og þurft að fresta nauðsynlegri fjárfestingu í tækjum, búnaði og öðrum innviðum,“ eins og segir í ályktuninni.

> Við erum búnir að vera í miklum niðurskurði á undanförnum árum og þetta bara gengur ekki lengur.
>
> Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands



Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, segir skólann hafa þurft að upplifa mikinn niðurskurð undanfarin ár. Það gangi ekki lengur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# ÓKEYPIS ÁSTANZSKOÐUN Á
# BREMSUM

**hjá viðurkenndum þjónustuaðilum til 30. nóvember.**

TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY




ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 81780 10/16

## Okkur er annt um öryggi Toyota-eigenda í umferðinni

og viljum því bjóða þeim ókeypis ástandsskoðun á bremsum til 30. nóvember.

Auk þess verður **20% afsláttur*** af bremsuklossum, bremsuborðum og bremsudiskum sem og **10% afsláttur** af vinnu.

Láttu okkur fara yfir bremsurnar og aktu af öryggi í vetur.

## Engin vandamál - bara lausnir.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Kauptúni | Kauptúni 6 | Garðabæ | 570-5070 |
| Toyota Akureyri | Baldursnesi 1 | Akureyri | 460-4300 |
| Toyota Selfossi | Fossnesi 14 | Selfossi | 480-8000 |
| Toyota Reykjanesbæ | Njarðarbraut 19 | Reykjanesbæ | 420-6610 |
| Arctic Trucks | Kletthálsi 3 | Reykjavík | 540-4900 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bæjarflöt 13 | Reykjavík | 440-8000 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Skemmuvegi 16 | Kópavogi | 440-8000 |
| Nethamar | Garðavegi 15 | Vestmannaeyjum | 481-1216 |
| Bílatangi | Suðurgötu 9 | Ísafirði | 456-4580 |
| Bifreiðaverkstæði KS | Hesteyri 2 | Sauðárkróki | 455-4570 |
| Bílaleiga Húsavíkur | Garðarsbraut 66 | Húsavík | 464-1888 |
| Bílaverkstæði Austurlands | Miðási 2 | Egilsstöðum | 470-5070 |
| Bílageirinn | Grófinni 14a | Reykjanesbæ | 421-6901 |

*Miðast við að ísetning fari fram hjá viðkomandi viðurkennda þjónustuaðila Toyota.



Pantaðu tíma í dag.
Það er einfalt og fljótlegt.

# Umhverfi Selárlaugar bitbein Vopnafjarðarhrepps og Fremri-Nýps

**VOPNAFJÖRÐUR** Héraðsdómur Austurlands vísaði á dögunum kröfu Vopnafjarðarhrepps á hendur eiganda Fremri-Nýps og Ungmennafélaginu Einherja frá dómi. Umrædd krafa snýr að viðurkenningu á eignarrétti hreppsins á landsvæði umhverfis Selárlaug.

Sundlaugin var byggð árið 1948 af Einherja í landi Fremri-Nýps. Þá var jörðin í eigu hreppsins en var seld árið 1963. Sundlaugin og „nauðsynlegt athafnasvæði“ voru undanskilin kaupunum og skyldu mæld út og afmörkuð nánar síðar meir. Það var aldrei gert og þaðan er ágreiningurinn sprottinn.

Líkt og áður segir var málinu vísað frá dómi. Það var gert á þeirri forsendu að efnisdómur um málið

> Við höfum kært úrskurðinn áfram til Hæstaréttar.
>
> Ólafur Áki Ragnarsson, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps



fæli í sér stofnun á sjálfstæðri fasteign. Slíkt er háð lögbundnum skilyrðum og eftir atvikum samþykki stjórnvalda. Taldi dómari málsins að með því færi hann inn á verksvið stjórnvalda.

„Við höfum kært úrskurðinn áfram til Hæstaréttar,“ segir Ólafur Áki Ragnarsson, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps. Annað mál frá hreppnum er sem stendur fyrir sama dómstól en áður en hægt er að fá botn í það þarf að skera úr um eignarhald á landsvæðinu.

Árið 2011 óskaði Veiðifélag Selár þess að fá umframvatn úr borholum á jörðinni til að kynda veiðihúsið. Var það samþykkt með þeim fyrirvara að vatn í laugina hefði forgang yfir veiðihúsið. Hreppurinn hefur krafið Veiðifélagið um fjórar milljónir króna fyrir heita vatnið sem félagið hafnar að greiða meðal annars á þeim forsendum að holurnar séu í þeirra eigu. Ljóst er að niðurstaða mun ekki fást í síðara málið fyrr en skorið hefur verið úr um eignarhald á landspildunni. – **jóe**



Selárlaug var löngum opin allan sólarhringinn en opnunartími var styttur sökum slæmrar umgengni. MYND/MAGNÚS MÁR








Aðventan og jólin eiga sínar skuggahliðar vegna álagsins sem fylgir hátíðarhaldinu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Heimilisofbeldismál algengust í desember

**Það vantar úrræði fyrir þá sem beita ofbeldi inni á heimilum. Ofbeldismálum fjölgaði verulega í fyrra. Vitundarvakning gæti hafa orðið til þess að lögreglan er frekar kvödd á vettvang. Flest málin koma upp í desember samkvæmt úttekt.**

**FÉLAGSMÁL** „Það er athyglisvert hvað þetta er stórt vandamál og svo er umhugsunarvert hvað lítil áhersla er lögð á að ná til gerenda,“ segir Kristín I. Pálsdóttir hjá Rannsóknarstofnun í jafnréttisfræðum.

Stofnunin hefur gert úttekt á verkefninu Saman gegn ofbeldi. Það er samstarfsverkefni lögreglunnar, borgarinnar og fleiri til að sporna við heimilisofbeldi í Reykjavík.

Í úttektinni kemur fram að mikil fjölgun varð 2015 á heimilisofbeldismálum sem komu til kasta lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Alls sinnti lögreglan 391 máli árið 2015, borið saman við 200 mál árið 2014.

Samstarfshópurinn rekur þessa skyndilegu aukningu að einhverju leyti til breyttrar skráningar lögreglu en einnig til aukinnar umfjöllunar um heimilisofbeldi í fjölmiðlum. Vitundarvakning í samfélaginu hafi getað orðið til þess að lögregla er frekar kölluð á vettvang.

Samkvæmt skýrslunni eru brotaþolar málanna um 80 prósent konur og árásaraðilar um 81 prósent karlar. Kristín segir að skýrslan varpi ljósi á það að gera þurfi ráðstafanir til að hafa áhrif á ofbeldið með meðferð og öðrum inngripum fyrir gerendur.

Kristín segir þó ýmislegt hafa breyst til hins betra. „Það eru fleiri nálgunarbönn og fleiri ofbeldismenn teknir af heimilum. Hér áður fyrr var það yfirleitt þolandinn sem þurfti að flýja,“ segir hún. En gera þurfi meira. „Það þarf úrræði þannig að það sé þá einhver staður sem þeir geta farið á, að þeim sé ekki bara hent út á götu.“

**Fjöldi mála á höfuðborgarsvæðinu eftir mánuðum**




> Það má leiða líkur að því að það sé meira drukkið í desember.
>
> Kristín I Pálsdóttir, hjá Rannsóknarstofnun í jafnréttisfræðum



Þegar horft er til þessara mála sem tilkynnt voru til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu árið 2015 sést að flest voru tilkynnt í desember eða 62. Fæst voru þau í apríl eða 39. Kristín segir ekki hafa verið skoðað sérstaklega hvers vegna þessi munur er milli mánaða.

„Við höfum ekkert þannig séð rannsakað það en það má leiða líkur að því að það sé meira drukkið í desember og það er fylgni milli drykkju og ofbeldis. Þetta er kannski skýring sem blasir við,“ segir Kristín.

Fjöldi mála í Reykjavík dreifist nokkuð jafnt yfir vikuna, en greina má aukinn fjölda í kringum helgar. Málafjöldinn nær svo hámarki á sunnudögum.

**thorgeirh@frettabladid.is**
**jonhakon@frettabladid.is**


## DONALD TRUMP
– af hverju og hvað svo?

**Málstofa í HR 16. nóvember, kl. 12 -13**

**Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík efnir til málstofu um efnahagslegar og samfélagslegar ástæður og afleiðingar af kjöri Donald Trump sem forseta Bandaríkjanna.**

### DAGSKRÁ

**Brugðust skoðanakannanir í Bandaríkjunum?**
Þorlákur Karlsson, dósent við sálfræðisvið HR.

**Skyggnst í sálarlíf Trump kjósandans**
Hulda Þórisdóttir, dósent við stjórnmála- og sálfræðideildir HÍ.

**Tilfinningalausir markaðir**
Már Wolfgang Mixa, lektor við viðskiptadeild HR.

**Trump og efnahagsmálin - „Trumponomics“**
Friðrik Már Baldursson, prófessor við viðskiptadeild HR.

**Fundarstjóri:** Hrefna Sigríður Briem, forstöðumaður BSc-náms í viðskiptafræði og hagfræði við HR.

Aðgangur er ókeypis og málstofan er öllum opin.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY




Nú er rétti tíminn til að skipta yfir í fjórhjóladrifisbíl frá **Mitsubishi**.
Komdu í reynsluakstur og nýttu þér góða verðið á þessum frábæru bílum.
Við gerum betur í vetur og hlökkum til að sjá þig!

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

**HEKLA** · Njarðarbraut 13 · Reykjanesbæ · Sími 590 5090 · heklarnb.is



**Loforð um hraða tenginga eru kannski ekki alltaf efnd.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Skoða hraða á nettengingum

**FJARSKIPTI** Neytendastofu hafa borist mörg erindi frá neytendum vegna auglýsinga fjarskiptafyrirtækja á netþjónustu og hraða nettenginga. Neytendastofa hefur beðið Póst- og fjarskiptastofnun að upplýsa hvort og hvernig fyrirtæki á fjarskiptamarkaði geti veitt öllum neytendum þann hraða á interneti eða breiðbandstengingum sem auglýstur er.

Í viðmiðum systurstofnunar Neytendastofu í Danmörku kemur fram að óheimilt sé að auglýsa ákveðinn hraða nema að unnt sé að tryggja neytendum hann. **– ibs**

## Þrýst á kennara

**SVÍÞJÓÐ** Þriðjungur sænskra kennara segir skólastjóra hafa reynt að hafa áhrif á einkunnagjafir, meðal annars vegna þrýstings frá foreldrum nemanna. Kennarar sem ekki eru „sveigjanlegir“ eiga á hættu að fá lægri laun.

Þriðjungur kennaranna, eða 36 prósent, greinir frá því í könnun að þrýstingurinn hafi haft áhrif á einkunnagjöfina. **– ibs**

# Línur Trumps farnar að skýrast

**Donald Trump hefur skipað í tvö mikilvæg embætti innan Hvíta hússins og hlotið gagnrýni fyrir val sitt. Utanríkisráðherrar Evrópu segjast eiga von á sterkri samvinnu. Nigel Farage og Trump hafa nú þegar hist.**



**Trump ásamt Reince Priebus og Mike Pence, verðandi varaforseta. Fréttablaðið/Getty**

**BANDARÍKIN** Donald Trump, nýkjörinn forseti Bandaríkjanna, er byrjaður að velja í æðstu embætti í Hvíta húsinu.

Trump hefur tilkynnt að Reince Priebus, formaður landsnefndar Repúblikanaflokksins, muni gegna starfi starfsmannastjóra Hvíta hússins. Hann hefur einnig skipað Stephan Bannon yfirmann stefnumótunar ríkisstjórnarinnar að því er kemur fram í yfirlýsingu. Báðir mennirnir gegndu veigamiklu hlutverki í kosningaherferð Trumps.

Priebus var kjörinn formaður landsnefndar Repúblikanaflokksins árið 2011 og hefur skipan hans hlotið nokkuð lof fjölmiðla vestanhafs.

Bannon, sem er kaupsýslumaður og fjölmiðlamógúll, hafði yfirumsjón með kosningaherferð Trumps. Hann rekur vefmiðilinn Breitbart News sem er þekktur fyrir þjóðernishyggju, kynþáttahyggju og samsæriskenningar í umfjöllun sinni. Fjölmiðlar gagnrýndu í gær skipan Bannons vegna þessa.

New York Times hefur tekið saman lista yfir mögulega menn í fleiri embætti sem Trump mun skipa í. Meðal annars er því spáð að Newt Gingrich, fyrrverandi forseti bandaríska þingsins, gæti orðið utanríkisráðherra, og að Chris Christie, fyrrverandi ríkisstjóri New Jersey og stuðningsmaður Trumps, gæti orðið viðskiptaráðherra.

Evrópskir stjórnmálamenn eru nú farnir að láta í ljósi skoðanir sínar á Trump. Utanríkisráðherrar innan Evrópusambandsins segjast eiga von á sterkri samvinnu við Bandaríkin eftir að hafa fundað um kjör Trumps. BBC greinir frá því að ráðherrarnir hafi komið saman á sunnudagskvöld og að þeir hafi rætt óformlega um Trump. Þeir segjast þó þurfa að vita meira um hverjar áætlanir Trumps séu.

Á meðan á kosningabaráttu Trumps stóð gaf hann í skyn að Bandaríkin myndu ekki sjálfkrafa koma öðru NATO-ríki til bjargar ef það yrði fyrir árás.

Yfirlýsingar utanríkisráðherranna stangast verulega á við skoðun Jean-Claude Juncker, forseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Hann varaði við því á föstudag að kjör Trumps gæti komið tengslum milli Evrópu og Bandaríkjanna í uppnám.

Nigel Farage, fyrrverandi formaður UKIP, fundaði með Donald Trump um helgina. Hann tísti í kjölfarið að það hefði verið mikill heiður að fá að eyða tíma með Trump og að hann væri viss um að hann yrði góður forseti.

Fundurinn var litinn hornauga af ráðamönnum í Bretlandi þar sem Farage hitti Trump á undan forsætisráðherra Bretlands og öðrum hátt settum stjórnmálamönnum. Farage bauðst síðan til að kynna breska stjórnmálamenn fyrir Trump en Theresa May forsætisráðherra hefur afþakkað. **saeunn@frettabladid.**








**Staða London sem miðstöðvar fjármálageirans í Evrópu hefur verið í uppnámi frá því að úrslit kosninganna um Evrópusambandið lágu fyrir í sumar.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Níutíu þúsund störf í hættu

**VIÐSKIPTI** Um 83 þúsund störf í fjármálageiranum í London gætu horfið ef Bretland missir ákveðin evrutengd réttindi í kjölfar útgöngu Breta úr Evrópusambandinu. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu EY sem Financial Times greinir frá.

Samkvæmt skýrslunni mun 31 þúsund sölustarf og 18 þúsund bakvinnslu- og endurskoðendastörf í bankageiranum tapast. Um er að ræða ástandið ef útgöngusamningar fara á versta mögulega veg. Sérfræðingar hjá EY telja að störfin myndu tapast yfir sjö ára tímabil.

Staða London sem miðstöðvar fjármálageirans í Evrópu hefur verið í uppnámi frá því að úrslit kosninganna um Evrópusambandið lágu fyrir í sumar. Enn er óvíst hvernig útgöngusamningar munu nást. Fjöldi fjármálastofnana hefur sagst ætla að færa störf frá London ef allt fer á versta veg. Sunday Times greindi nú síðast frá því að bandaríski bankinn Citi íhugi að flytja níu hundruð störf frá London til Dublin. **– sg**

## Hafna gagnrýni bjóðenda

**VIÐSKIPTI** Stjórn Lindarhvols hafnar öllum ásökunum bjóðenda í hlut ríkisins í Klakka.

Í yfirlýsingu Lindarhvols segir að söluferlið hafi verið opið öllum og tilboðsgjafar mátt senda tilboð á því formi og með þeim fyrirvörum sem hentaði hverjum og einum. Ekki hafi verið sett önnur skilyrði en að skilað væri á rafrænu formi fyrir klukkan 16 þann 14. október.

Meðal þess sem gagnrýnt hefur verið er að með rafrænni opinni sendingu sé ekki fyllilega tryggt að verðhugmyndir bjóðenda séu ljósar á sama tíma. Stjórn Lindarhvols segir slíkt venjubundið og til þess fallið að jafna stöðu innlendra og erlendra bjóðenda og að tryggja að rafræn staðfesting sé fyrir innkomnum tilboðum.

Kvika gerði tilboð í eigin nafni, en síðar hefur komið fram að það var fyrir hönd viðskiptavina. Samkvæmt tilkynningu Lindarhvols munaði fjórum milljónum króna á hæsta og lægsta tilboði og var tilboð Kviku lægst. **– hh**




# Á AUSTUR-INDÍAFJELAGINU

20.OKTÓBER - 20.NÓVEMBER

## FIMM RÉTTA HÁTÍÐARMATSEÐILL

6.990 kr.

### FORRÉTTUR

**Hörpuskel Cafreal**
Pönnusteikt hörpuskel frá Breiðafirði með engifer, hvítlauk, kóríander og karrílaufum.

### AÐALRÉTTIR

**Gosht Boti Kebab**
Tandoori grillað lambafillet. Marinerað í kanil, kardimommum, negul og chili.

&

**Peshawari Murg Tikka**
Grillaðir kjúklingabringubitar úr tandoori ofninum. Marinerað í engifer, hvítlauk, kúmen og kewra-vatni.

&

**Aloo Dum Jeera**
Hægeldaðar kartöflur í ríkulegri sósu með tómötum, kúmenfræjum og garam masala.

*Borið fram með Basmati hrísgrjónum, raitha jógúrtsósu og hvítlauks naan.*

### EFTIRRÉTTUR

**Mangó og engifer crème brûlée**

**BORÐAPANTANIR: 552-1630**
**HVERFISGÖTU 56, 101 RVK**

AUSTURINDIA.IS

**OPNUNARTÍMI:**
**SUN-FIM 17:30 - 22:00**
**FÖS-LAU 17:30 - 23:00**



Kambódískir ræðarar tóku á því á öðrum degi Vatnshátíðarinnar á ánni Tonle Sap í Kambódíu í gær. Vatnshátíðin hófst hinn 13. nóvember en lýkur í dag. Þátttakendur eru á 259 bátum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Ástand heimsins

Lífið er misjafnlega flókið eftir því hvar í heiminum fæti er stigið niður. Hér má sjá svipmyndir víða að úr heiminum.



Úkraínsk kona gengur með regnhlíf eftir að það snjóaði í Kiev í fyrrinótt. Veðurstofan í Úkraínu gaf út stormviðvörun í höfuðborginni og á nálægum stöðum vegna vinds og rigningar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Fátækir Filippseyingar fá mat eftir eldsvoða í Mandaluyong, austur af Manila á Filippseyjum. Fréttir herma að þrír hafi látið lífið í eldunum og meira en sex þúsund manns hafi flúið heimili sín. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Listaverkið Neðanjarðarlestameðferðin vakti athygli á Union Square lestarstöðinni á Manhattan um helgina. Verkið er búið til úr minnisblöðum (e. post it notes). FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# *Lækkað verð í nóvember – með kaupauka*




**KAUPAUKI**

**Ný vetrardekk frá Nokian komin undir og sumardekkin í skottið.**

Verðmæti kaupauka:
**141.000 kr.**

## FORD FOCUS TREND EDITION
## AKSTURSGLEÐI OG LÚXUSBÚNAÐUR

Focus er einn vinsælasti fjölskyldubíllinn á Íslandi og býðst nú á lækkuðu vetrarverði með kaupauka. Focus hefur sópað til sín verðlaunum gegnum árin fyrir aksturseiginleika og einnig hefur sparneytin og kraftmikil vélin ítrekað fengið viðurkenninguna „International Engine Of The Year“.

Staðalbúnaður Ford Focus er á pari við margan lúxusbílinn. Hann er með loftkælingu og upphitanlegri framrúðu, fékk fimm stjörnur í öryggisprófi EURO NCAP, er sítengdur með Bluetooth og búinn nýjustu tækni eins og íslensku leiðsögukerfi og átta tommu snertiskjá. Þú færð framúrskarandi þjónustu hjá Brimborg og við tökum gamla bílinn þinn upp í nýjan Focus.

## TILBOÐ

FULLT VERÐ: FORD FOCUS TREND EDITION FRÁ 3.250.000 KR.

**VETRARVERÐ OG KAUPAUKI TIL 19. NÓVEMBER**

FRÁ **2.990.000** KR.

Ford

**Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford Focus**
**- komdu núna og tryggðu þér Focus á vetrarverði með kaupauka**

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

# Þrjú erfið mál



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Það er fyrir fram mjög erfitt að sjá fyrir sér að ríkisstjórn Bjartrar framtíðar, Sjálfstæðisflokksins og Viðreisnar verði langlíf og farsæl nema allir flokkarnir gefi mikinn afslátt af stefnu sinni í stórum málum og sleppi við „óþæga þingmenn“ allt kjörtímabilið því ríkisstjórnin mun aðeins halda velli með eins þingmanns meirihluta.

Eitt stórt mál sem ná þarf sátt um í texta stjórnarsáttmálans snýr að Evrópusambandinu. Sjálfstæðisflokkurinn er á móti aðild. Björt framtíð vill að þjóðin „taki afstöðu til aðildar á grunni fullkláraðs samnings í þjóðaratkvæðagreiðslu“. Viðreisn vill „bera undir þjóðaratkvæði hvort ljúka eigi aðildarviðræðum við Evrópusambandið“.

Hvernig á að orða spurninguna í þjóðaratkvæðagreiðslunni? Og hvenær á að tímasetja hana? Evrópusambandið stendur á tímamótum. Meirihluti Breta greiddi atkvæði með úrsögn úr sambandinu í júní. Á sama tíma eru ríkin 19 í myntsamstarfinu um evruna enn að bíta úr nálinni með afleiðingar skuldakreppunnar. Það er líka áhugavert að velta fyrir sér hvernig eigi að „selja“ íslenskum kjósendum þetta mál. Er „sölupunkturinn“ sá að aðild að ESB sé gott markmið því í fyllingu tímans verði eftirsóknarvert að ganga inn í Evrópska myntbandalagið og taka upp evru?

Joseph Stiglitz, Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði, færir fyrir því rök í nýrri bók að evran hafi verið gölluð frá byrjun. Í reynd hafi flestir tapað á myntsamstarfinu og kerfisgallarnir í því feli í sér „óyfirstíganlegar hindranir“. Ein af þeim leiðum sem hann nefnir til úrbóta er að Þjóðverjar hætti í evrunni. Önnur er að brjóta samstarfið upp í tvö myntsvæði. Óbreytt ástand gangi ekki til lengdar. Evrusamstarfið sé dauðadæmt í núverandi mynd. Ætla stjórnmálamenn að selja íslenskum kjósendum að það sé eftirsóknarvert að taka upp evruna þegar einn fremsti peningahagfræðingur heims gefur evrunni þessa einkunn?

Annað sem skapar vanda við gerð stjórnarsáttmála lýtur að kerfisbreytingum í landbúnaði. Björt framtíð endurheimti hluta af fylgi sínu með vasklegri framgöngu í umræðum um búvörusamninga fyrr í haust. Þeir sem til þekkja segja raunhæfasta valkostinn málamiðlun sem byggi að hluta á stefnu sem mörkuð var með nýju búvörusamningunum. Í krafti lagabreytinga sem gerðar voru samhliða þeim var skipaður samráðshópur um endurskoðun þessara samninga. Þar er kveðið á um aðkomu afurðastöðva, atvinnulífs, bænda, launþega og neytenda að vinnu sem á að ljúka 2019. Mun Björt framtíð sætta sig við stefnu sem byggir á endurskoðun þeirra búvörusamninga sem hún barðist svo hatrammlega gegn? Ljóst er að það verður mikil áskorun að finna ásættanlega málamiðlun.

Þingmenn Viðreisnar fá sterk skilaboð úr sínu baklandi að gefa ekki eftir þegar kemur að stefnu flokksins í sjávarútvegsmálum sem felst í því að setja hluta aflaheimilda á uppboð árlega. Munu þingmenn Sjálfstæðisflokksins styðja uppboðsleið ef ekki er víst að hún skili meiri tekjum í ríkissjóð en núverandi veiðigjöld? Það verður óneitanlega forvitnilegt að sjá stjórnarsáttmálann, ef hann lítur dagsins ljós.

**Mun Björt framtíð sætta sig við stefnu sem byggir á endurskoðun þeirra búvörusamninga sem hún barðist svo hatrammlega gegn?**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Birgitta í því að loka hurðum**
Takist hægri vængnum ekki ætlunarverk sitt um myndun ríkisstjórnar virðast fáar leiðir opnar til að mynda starfhæfa stjórn. Nú síðast ákvað Birgitta Jónsdóttir að saka Bjarta framtíð um að leika tveimur skjöldum og vera óheiðarlegan stjórnmálaflokk. Þá hefur Birgitta gert sér að leik að loka dyrum fyrir samvinnu Pírata og Bjartrar framtíðar. Hafa ummæli Birgittu hleypt illu blóði í fólk innan Bjartrar framtíðar. Það er einkennilegt af stjórnmálamanni í forsvari fyrir tíu manna þingflokk að tala svo fjálglega á miklum óvissutímum í íslenskum stjórnmálum. Stjórnmál eru list hins mögulega, ekki lokunar.

**Þeir fiska sem róa**
Sjómenn lönduðu samningi við SFS hjá ríkissáttasemjara í fyrrinótt og þótti mörgum ánægjulegt að heyra fréttir af undirskriftinni í morgunfréttum í gær. Hins vegar fylgir böggull skammrifi því um eitt þúsund manns klufu sig út úr samkomulaginu og sögðu samninginn einhvers konar samkomulag í skötulíki. Tvær grímur hafa svo runnið á fjölda sjómanna eftir að þeir heyrðu um aflatölur forystunnar í samningagerðinni. Það hlýtur að teljast einhvers konar afrek fyrir forystu útgerðanna að geta ekki gert vel við sjómenn sína en á sama tíma og þeir hafa verið samningslausir hefur útgerðin hagnast samanlagt um á þriðja hundrað milljarða króna.
sveinn@frettabladid.is

# Langlífi millistéttaraulans í boði Íslandsbanka



Lilja Margrét Olsen
neytandi og héraðsdómslögmaður

Íslandsbanki ákvað að veita bestu bankaþjónustu landsins. Liður í því var að bjóða hinn svokallaða íbúðarsparnaðarreikning. Óverðtryggður sparnaðarreikningur með 4,5% vexti, hugsaður fyrir ungt fólk á aldrinum 15-35 ára sem væri að safna fyrir útborgun fyrir húsnæði. Mér var seldur slíkur reikningur. Gulrótin var að þegar kæmi að húsnæðiskaupum fengi ég frítt greiðslumat og 50% afslátt af lántökugjöldum húsnæðislána hjá bankanum. Eins og okurútlánavextir séu ekki nóg!

Í dag, tæpum tveimur árum eftir að ég hóf markvissa söfnun, keypti ég húsnæði. Ég hafði framkvæmt svokallað bráðabirgðagreiðslumat á vefsíðu bankans en til að sækja um lán þurfti ég að fara í greiðslumat hjá bankanum sjálfum. Greiðslumatið tók fjórar vikur (sem var gildistími kauptilboðsins) og niðurstaðan kom mér nokkuð á óvart.

**Gallað greiðslumat**
Í ljós kom að íbúðarsparnaðarreikningurinn var bundinn í 17 mánuði. Bankinn ákvað því, að mér forspurðri, að gera ráð fyrir að lána mér í formi yfirdráttar á móti sparnaðinum. Yfirdráttarlánið skyldi vera með 13% vöxtum. Vextirnir, sem hlupu á tugum þúsunda, komu svo til lækkunar ráðstöfunartekna í greiðslumatinu.

Þar sem reikningurinn er ekki laus fyrr en eftir fimm mánuði er vaxtamunurinn á íbúðarsparnaðarreikningnum og yfirdráttarláninu neikvæður um tugi þúsunda. Fasteignamarkaðurinn hér á landi hefur enga þolinmæði og allra síst fyrir löngum greiðslufrestum. Ég var því nauðbeygð til að samþykkja yfirdráttarlánið til að fá sparnaðinn minn útgreiddan.

**Neikvæð ávöxtun sparnaðar**
Hefði ég þá haldið að málinu væri lokið. En nei – bankinn vildi fá mig til sín og fá undirritun mína á handveð í sparnaðarreikningnum á móti yfirdrættinum. Fyrir handveðið greiddi ég kr. 4.900.-

Í mínu tilviki er tap mitt gríðarlegt á hinum svokallaða íbúðarsparnaðarreikningi Íslandsbanka.

**Í mínu tilviki er tap mitt gríðarlegt á hinum svokallaða íbúðarsparnaðarreikningi Íslandsbanka.**

**Félagsfundir**
**MATVÍS boðar til félagsfunda með sveinum og nemum**
MATVÍS
**Bakarar, kjötiðnaðarmenn og nemar.**
**Munið félagsfundina á morgun, 16. nóvember í húsakynnum félagsins á Stórhöfða 31.**
**Kl. 15.00** Bakarar og nemar.
**Kl. 17.00** Kjötiðnaðarmenn og nemar.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Fiskeldi í sjókvíum II – ný stóriðja í fjörðum og flóum




Einar Jónsson
fiskifræðingur

Erlendur Steinar Friðriksson
sjávarútvegsfræðingur

Í þessari grein verður leitast við að gera grein fyrir birtingarmyndum neikvæðra áhrifa sem gætu verið fylgifiskur þeirra risastóru áætlana, sem lýst var í fyrri grein, um eldi lax af erlendum uppruna í sjókvíum hér við land.

Ekki þarf mikla leit til að finna fjölmargar greinar fræðimanna og skýrslur stjórnvalda í Noregi, Skotlandi, Síle og Kanada af slíkum neikvæðum umhverfisáhrifum. Norska ríkisendurskoðunin bendir á að markmið um sjálfbærni og umhverfisvernd í tengslum við fiskeldið hafi ekki náðst. Þar sé helst að nefna neikvæð áhrif eldis á villta stofna vegna erfðablöndunar, sjúkdóma og laxalúsar; lífræn og ólífræn mengun frá eldinu hafi neikvæð áhrif á vistkerfin. Norska Hafró og norska Náttúrufræðistofnunin uppfærðu nýlega sameiginlegt áhættumat á umhverfisáhrifum norsks sjókvíalaxeldis. Þar kemur fram að stór hluti þeirra villtu laxa- og sjóbirtingsstofna sem rannsakaður var, er í nokkurri eða mikilli hættu vegna erfðamengunar, laxalúsar eða sjúkdóma frá laxeldi.

Helstu neikvæðu þætti má þannig draga saman í eftirfarandi atriði: erfðablöndun, laxalús, sjúkdómar, lífrænn úrgangur frá eldinu og ólífrænn úrgangur. Allt sem hér er sagt styðst við birtar heimildir sem stutt blaðagrein rúmar ekki að nefna og aðeins tvö fyrstu atriðin verða nú tekin hér fyrir.

**Erfðablöndun:** Eldislaxinn sem er norskur sleppur úr kvíum, gengur upp í ár og blandast þar við náttúrulegan stofn og rýrir afkomumöguleika hans. Reynsla Norðmanna sýnir að um 0,1% af eldislaxi sleppur. Stór hluti hans syndir upp í ár til hrygningar og getur eldislaxinn synt allt að 2.000 km áður en hann leitar upp í ár í þessum tilgangi. Íslenski laxastofninn hefur verið hér í 11.000 ár og sérhæft sig að íslenskum aðstæðum og svipað má segja um villta stofninn (stofna) í Noregi. Villtir laxastofnar beggja landa eru þannig mjög ólíkir. Norski eldisstofninn sem hér hefur verið leyfður er kynbættur og sérhæfður til að vaxa hratt á stuttum tíma – ekki ósvipað kjúklingi í kjúklingarækt. Þegar blöndum á slíkum stofni við náttúrulegan á sér stað verða afkvæmin vanhæfari í lífsbaráttunni, afföll aukast og lífsferlar raskast. Blöndun til langs tíma gefur af sér nýjan stofn með rýrari afkomumöguleika. Hvað segir það okkur síðan að í Noregi má aðeins ala norskan lax í sjókvíum?

Laxalús (sníkjudýr af krabbadýraætt sem sest á fiskinn) er til staðar í náttúrlegu umhverfi laxfiska en í svo litlum mæli að hún veldur litlum sem engum afföllum. Í sjókvíaeldi er fiskur allan ársins hring og þéttleikinn jafnan mikill. Þar eru því kjöraðstæður fyrir lúsina enda magnast fjöldi hennar gríðarlega. Villtur fiskur sem fer nærri eldissvæði getur fengið á sig allt að hundraðfalt það magn lúsar sem ríkir við náttúrulegar aðstæður. Lúsin getur því valdið miklum afföllum á villtum fiski en einnig hamlað vexti hans og fæðunámi í sjó, breytt gönguhegðun og ruglað ýmis lífeðlisfræðileg kerfi fisksins. Talið er að afföll vegna lúsar á náttúrlegum laxaseiðum og urriða sem fer um eldissvæði geti verið allt að 50%. Einnig er þekkt að lúsin leggst á bleikju í sjó og jafnvel í meiri mæli en á urriða eða lax. Áhrifa lúsarinnar gætir mest innan 30 km frá kvíunum en undan straumum getur hún borist í allt að 100 km.

> **Norska ríkisendurskoðunin bendir á að markmið um sjálfbærni og umhverfisvernd í tengslum við fiskeldið hafi ekki náðst. Þar sé helst að nefna neikvæð áhrif eldis á villta stofna vegna erfðablöndunar, sjúkdóma og laxalúsar.**



Skeljungur

## Birting lýsingar Skeljungs hf.

Stjórn Skeljungs hf. hefur óskað eftir því að öll hlutabréf í félaginu verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. og hefur í tengslum við umsóknina og fyrirhugað almennt útboð á hlutabréfum í Skeljungi hf. birt lýsingu dagsetta 14. nóvember 2016 (hér eftir nefnt „lýsingin“).

Lýsingin er gefin út á ensku og birt á vefsíðu félagsins, www.skeljungur.is/um-skeljung/fjarfestar. Þá hefur félagið birt samantekt á íslensku og er hún þýðing á ensku útgáfunni sem er hið staðfesta eintak. Sé misræmi milli texta í ensku og íslensku útgáfu samantektarinnar gildir sú enska. Útprentuð eintök af lýsingunni má nálgast á skrifstofu Skeljungs að Borgartúni 26, 105 Reykjavík.

Almennt útboð á hlutabréfum í Skeljungi hefst kl. 12.00 mánudaginn 28. nóvember og lýkur kl. 16.00 miðvikudaginn 30. nóvember 2016. Útboðið tekur til 493.401.798 hluta eða 23,5% í félaginu. Áskilinn er réttur til að stækka útboðið í allt að 661.368.368 hluti (31,5%). Tekið verður við áskriftum rafrænt á vef Arion banka, www.arionbanki.is. Tvær áskriftarleiðir eru í boði og mun endanleg stærð hvorrar tilboðsbókar taka mið af eftirspurn í útboðinu, bæði hvað varðar verð og magn.

Tilboðsbók A

- Hver áskrift kr. 100.000 – 10.000.000
- Verðbil 6,1-6,9 kr./hlut
- Eitt endanlegt verð, jafnt eða lægra en í B

Tilboðsbók B

- Hver áskrift yfir kr. 10.000.000
- Lágmarksverð 6,1 kr./hlut
- Eitt endanlegt verð, jafnt eða hærra en í A

Reiknað er með að niðurstöður útboðsins liggi fyrir fimmtudaginn 1. desember 2016. Meginregla við úthlutun verður að taka þeim áskriftum sem berast á hæsta gengi. Markmiðið með útboðinu er meðal annars að Skeljungur uppfylli skilyrði Nasdaq Iceland hf. um dreifingu hlutafjár og fjölda hluthafa og stuðla þannig að auknum seljanleika hlutabréfanna og fjölbreyttari hluthafahópi. Fallið verður frá útboðinu ef Nasdaq Iceland hf. samþykkir ekki fyrirliggjandi umsókn félagsins og áskriftir þá gerðar ógildar. Nasdaq Iceland hf. mun tilkynna opinberlega um fyrsta dag viðskipta með hlutabréf í Skeljungi, en reiknað er með að hann geti orðið föstudagurinn 9. desember 2016 hið fyrsta.

Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útboðinu er bindandi. Áður en tekin er ákvörðun um fjárfestingu í hlutabréfum í Skeljungi eru fjárfestar hvattir til að kynna sér allar upplýsingar í lýsingunni í heild sinni og skilmála útboðsins sem þar koma fram.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um Skeljung og skilmála almenna útboðsins má finna í lýsingu Skeljungs. Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. hefur umsjón með því ferli að fá hluti félagsins tekna til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf.

Fyrirtækjaráðgjöf fjárfestingabankasviðs Arion banka hf. hefur umsjón með almennu útboði á hlutabréfum í Skeljungi hf. Nánari upplýsingar og aðstoð vegna útboðsins má nálgast hjá söluaðilum þess, fyrirtækjaráðgjöf og markaðsviðskiptum fjárfestingabankasviðs Arion banka í gegnum netfangið skeljungur-utbod@arionbanki.is eða hjá verðbréfaþjónustu Arion banka í síma 444 7000.

Reykjavík, 15. nóvember 2016

Stjórn Skeljungs hf.

Íslandsbanki   Arion banki

## Hingað og ekki lengra



Átök í Garðabænum Stjörnumaðurinn Eyþór Már Magnússon tekur FH-inginn Einar Rafn Eiðsson föstum tökum í leik liðanna í Olís-deild karla í gær. Leiknum lyktaði með jafntefli, 22-22, en Garðar B. Sigurjónsson skoraði jöfnunarmark Stjörnunnar á lokasekúndunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Tækifæri sem verður að nýta

**Leikmenn sem hafa staðið fyrir utan byrjunarlið íslenska landsliðsins fá tækifæri gegn Möltu í kvöld. Landsliðsþjálfarinn leggur áherslu á að menn leggi sig fram og skili góðu verki af sér.**

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið leikur í kvöld sinn síðasta leik á mögnuðu knattspyrnuári sem er að baki. Andstæðingurinn verður lið Möltu en leikið verður á Ta'Qali-leikvanginum í bænum Attard.

„Við viljum gera vel í lokaleiknum okkar á þessu ári. Þetta hafa verið alls sautján leikir, við höfum því verið mikið saman og okkur langar til að enda árið vel," sagði Heimir Hallgrímsson í samtali við Fréttablaðið í gær.

Íslendingar töpuðu um helgina sínum fyrsta leik í undankeppni HM 2018 er strákarnir okkar urðu að játa sig sigraða gegn sterku liði Króatíu ytra, 2-0. Heimir segir að tapleikir sitji aldrei vel í sér.

„En við erum samt ekkert búnir að dvelja lengi við þennan leik. Það verður nægur tími til að kryfja hann fyrir næsta mótsleik, sem verður í mars. Nú viljum við einbeita okkur að Möltu."

### Langflestir fá mínútur

Líklegt er að leikmenn sem hafa staðið að mestu fyrir utan byrjunarlið Íslands fái tækifæri í kvöld. Aron Elís Þrándarson er reyndar ekki leikfær eftir að hafa tognað á æfingu og þá er Gylfi Þór Sigurðsson tæpur vegna meiðsla og mun því líklega ekkert koma við sögu.

„Vonandi getum við gefið langflestum leikmönnum mínútur í þessari ferð. Það hefur verið vaninn hjá okkur þegar við eigum vináttulandsleik eftir mótsleik," segir Heimir og nefnir tvær ástæður fyrir mikilvægi þess.

„Við höfum fyrir það fyrsta lent í bæði leikbönnum og meiðslum eftir EM í sumar. Þá er gott að eiga leikmenn sem hafa spilað með okkur og verið í ákveðnum hlutverkum," segir Heimir.

„Svo þurfum við líka að hugsa til framtíðar. Við verðum ekki með sama byrjunarliðið endalaust. Nýir menn verða að fá að spila og því nálgumst við þennan leik með það í huga að bæði auka breiddina og hugsa líka til framtíðar."

### Þetta er alvöru leikur

Þrátt fyrir gott gengi okkar manna í keppnisleikjum síðastliðin ár hafa úrslitin ekki verið jafn góð í vináttulandsleikjum. Heimir segist vilja vinna alla leiki sem liðið fer í en segir þó að aðaláherslan verði á að leikmenn nýti tækifærið og standi sig vel.

> Menn eiga að sjálfsögðu að líta á leikinn sem alvöruleik – þó svo að hann heiti vináttulandsleikur.
>
> Heimir Hallgrímsson landsliðsþjálfari



„Margir hafa nýtt sér vináttulandsleiki til að smokra sér inn í byrjunarliðið í mótsleikjum. Þetta er því stórt tækifæri fyrir okkar leikmenn og menn eiga því að sjálfsögðu að líta á leikinn sem alvöruleik – þó svo að hann heiti vináttulandsleikur," sagði Heimir enn fremur.

„Auðvitað viljum við vinna alla leiki og lið eru dæmd af úrslitum. En aðalmálið er að frammistaðan verði góð og menn leggi allt sitt í verkefnið. Þegar fram líða stundir verður það það sem mestu máli skiptir. Við viljum því hvort tveggja – góðan leik og sigur."

eirikur@frettabladid.is




## Nýjast

**Olís-deild karla**

**Selfoss - Valur 29-31**
**Selfoss:** Teitur Örn Einarsson 7/4, Elvar Örn Jónsson 6, Hergeir Grímsson, Einar Sverrisson 4 , Sverrir Pálsson 2, Eyvindur Hrannar Gunnarsson 2, Árni Steinn Steinþórsson 1, Alexander Már Egan 1, Guðjón Ágústsson 1, Magnús Öder Einarsson 1.
**Valur:** Josip Juric 9/1, Ólafur Ægir Ólafsson 6, Anton Rúnarsson 6/2, Atli Már Báruson 3, Sveinn Aron Sveinsson 3, Vignir Stefánsson 2, Orri Freyr Gíslason 1, Ýmir Örn Gíslason 1.

**ÍBV - Fram 37-29**
**ÍBV:** Theodór Sigurbjörnsson 14/2, Sigurbergur Sveinsson 9, Kári Kristjánsson 4, Grétar Þór Eyþórsson 3, Dagur Arnarsson 3, Magnús Stefánsson 2, Ágúst Emil Grétarsson 1, Agnar Smári Jónsson 1.
**Fram:** Þorsteinn Gauti Hjálmarsson 7, Arnar Birkir Hálfdánsson 7, Andri Þór Helgason 6/2, Elías Bóasson 3, Sigurður Örn Þorsteinsson 3, Valdimar Sigurðsson 2, Bjartur Guðmundsson 1.

**Stjarnan - FH 22-22**
**Stjarnan:** Guðmundur Sigurður Guðmundsson 6, Garðar B. Sigurjónsson 3/1, Stefán Darri Þórsson 3, Ari Magnús Þorgeirsson 3, Starri Friðriksson 2, Eyþór Már Magnússon 1, Sverrir Eyjólfsson 1, Hjálmtýr Alfreðsson 1, Ari Pétursson 1, Andri Hjartar Grétarsson 1.
**FH:** Óðinn Þór Ríkharðsson 8, Einar Rafn Eiðsson 5/1, Jóhann Karl Reynisson 5, Ísak Rafnsson 2, Arnar Freyr Ársælsson 1, Gísli Þorgeir Kristjánsson 1.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Afturelding | 16 | ÍBV | 11 |
| Valur | 14 | Grótta | 9 |
| Haukar | 12 | Fram | 9 |
| Selfoss | 12 | Stjarnan | 9 |
| FH | 11 | Akureyri | 7 |

**BREYTINGAR Á KRÓKNUM**
Israel Martin er tekinn við liði Tindastóls í Domino's-deild karla á nýjan leik en hann stýrði liðinu með góðum árangri tímabilið 2014-15. Í gærkvöldi var greint frá því að Jose Costa, þjálfari Tindastóls, hefði verið látinn taka pokann sinn og þá hafa Senegalarnir Mamadou Samb og Pape Seck verið sendir heim. Til að fylla skarð þeirra samdi Tindastóll við bandaríska framherjann Antonio Kurtis Hester sem átti að koma á Krókinn í sumar. Hann spilar væntanlega sinn fyrsta leik fyrir Tindastól þegar liðið sækir Stjörnuna heim í 7. umferð Domino's-deildarinnar á fimmtudaginn. Tindastóll er í 4. sæti deildarinnar með átta stig.

**KATRÍN OG ÞÓRUNN Í KR**
Lið KR í Pepsi-deild kvenna hefur fengið góðan liðsstyrk. Katrín Ómarsdóttir og Þórunn Helga Jónsdóttir hafa ákveðið að snúa heim eftir nokkurra ára dvöl í atvinnumennsku og semja við uppeldisfélag sitt. Katrín kemur frá Doncaster Rovers Belles á Englandi en Þórunn Helga frá Avaldsnes, silfurliðinu í Noregi, sem hún hefur leikið með frá 2013. Katrín og Þórunn munu báðar skrifa undir tveggja ára samning við KR sem endaði í 7. sæti Pepsi-deildarinnar á síðasta tímabili.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 17.45 | Malta - Ísland | Sport |
| 19.50 | England - Spánn | Sport |

**Olís-deild kvenna**

| | | |
|---|---|---|
| 18.00 | Fram - Haukar | Framhús |








*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM75249

## SUBARU ER EINN ÖRUGGASTI BÍLL SEM ÞÚ GETUR KEYPT

**Rekstraröryggi** og gott endursöluverð er það sem allir þekkja og kemur fyrst upp í hugann. Lágur þyngdarpunktur, þverliggjandi BOXER vél og sítengt fjórhjóladrif með tölvustýrðri stöðugleikastýringu er lykillinn að akstursöryggi. Allir Subaru eru með 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNCAP.

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L



Faðir minn, afi, sonur og bróðir,

**Jón B. Sæmundsson**

lést á heimili sínu
þriðjudaginn 8. nóvember.
Útförin fer fram frá Akraneskirkju
fimmtudaginn 17. nóvember kl. 15.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir
en þeim sem vilja minnast hans er bent á
Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimilið á Akranesi.

**Þórhildur M. Jónsdóttir**
**Andri Snær Tryggvason**
**Orri Freyr Tryggvason**
**Guðbjörg Guðmundsdóttir**
**Sigríður S. Sæmundsdóttir** **Valgeir Sigurðsson**
**Halldóra Sæmundsdóttir** **Ragnar Viktor Karlsson**
**Guðrún Sæmundsdóttir**
**Helgi Sæmundsson**
**og fjölskyldur.**



Elskulegur bróðir okkar,

**Sigtryggur Ingvarsson**

frá Skipum,
Grænumörk 5, Selfossi,

lést á heimili sínu föstudaginn
11. nóvember sl.

**Sigríður Ingvarsdóttir**
**Ásdís Ingvarsdóttir**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda
samúð og hlýhug við andlát og útför
elskulegrar móður okkar, ömmu og
langömmu,

**Völu Dóru Magnúsdóttur**

Reynihvammi 24, Kópavogi.

**Magnús Helgi Björgvinsson**
**Erla Dóra Magnúsdóttir** **Vilhjálmur Kristjánsson**
**Helga Lind Magnúsdóttir**
**Kristján Guðni Vilhjálmsson**



Systir mín,

**Sigurbjörg Rannveig Guðnadóttir**

sem lést á dvalarheimilinu
Hraunbúðum 2. nóvember
síðastliðinn, verður jarðsungin frá
Landakirkju í Vestmannaeyjum
laugardaginn 19. þ.m. klukkan 14.00.
Blóm afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent
á Slysavarnadeildina Eykyndil.

**Gylfi Guðnason og aðrir vandamenn.**



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Páll Steingrímsson**

kvikmyndagerðarmaður,

lést á Landspítalanum 11. nóvember.
Útförin verður auglýst síðar.

**Gunnhildur Pálsdóttir** **Trausti Baldursson**
**Dufþakur Pálsson** **Hörn Gissurardóttir**
**Sylvía Pálsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*



**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353



**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**



**Þeir félagarnir Kári G. Schram og Þorbjörn Pétursson á frumsýningu myndarinnar Svarta gengið í Bíói Paradís.**

# Þótti vænt um svarta féð

## Myndin Svarta gengið sem sýnd er í Bíói Paradís segir frá Þorbirni Péturssyni bónda í Arnarfirði og virðingunni sem hann sýnir eftirlætiskindunum með veglegum grafreit.

Svarta gengið segir einstaka sögu Þorbjörns Péturssonar fjárbónda og einsetumanns á Ósi í Arnarfirði. Í kjölfar veikinda og slits þurfti hann að bregða búi og var tilneyddur til að fella allt sitt fé. Honum féll það þungt. Meðal þess var hópur svartra kinda sem hann hafði náð sterku tilfinningalegu sambandi við og kallaði Svarta gengið.“ Þetta segir Kári G. Schram, kvikmyndagerðarmaður og höfundur heimildarmyndarinnar Svarta gengið sem sýnd er í Bíói Paradís.

„Svarta féð hans Þorbjörns var komið út af tinnusvartri gimbur sem var svo smá í fyrstu að hún náði ekki upp í spena móður sinnar og varð heimalningur. Þegar henni var slátrað var hún grafin heima og svo stækkaði heimagrafreiturinn þegar fella þurfti fleiri úr svarta genginu,“ lýsir Kári og heldur áfram: „Hjá Þorbirni er allt í röð og reglu. Fljótlega fékk hann þá hugmynd að heiðra minningu þessara svörtu, mállausu vina sinna með minnisvarða. Hann lét gera mön með legsteinum, grafskriftum, nöfnum og ljóðum. Ekki nóg með það heldur vill hann fá að hvíla þarna sjálfur líka þegar þar að kemur og er að sækja um leyfi til þess til yfirvalda – en það er snúið.“

**Hann lét gera mön með legsteinum, grafskriftum, nöfnum og ljóðum. Ekki nóg með það heldur vill hann fá að hvíla þarna sjálfur líka.**

Bærinn Ós stendur gegnt Hrafnseyri en vegurinn þangað lokast í fyrstu snjóum og er oft lokaður í fjóra til sex mánuði á ári, eftir tíðarfarinu, að sögn Kára. „Þorbjörn hefur lifað einangraður yfir veturinn en í sveitinni þekkja allir Bjössa og öllum þykir vænt um hann. Heilsunnar vegna getur hann þó ekki hafst þar við lengur yfir harðasta veturinn svo hann festi kaup á íbúð á Þingeyri. En húsin þrengdu að honum og hann hafði ekki óhefta fjarðarsýn, eins og hann hafði alist upp við. Í myndinni kynnumst við þessum hliðum öllum,“ segir Kári sem undanfarin ár hefur verið með annan fótinn í Arnarfirði, vegna uppbyggingarinnar í Selárdal, stofnunar Skrímslasetursins á Bíldudal og síðast töku myndarinnar Svarta gengið.

„Það tók tíma að kynnast Þorbirni en við erum orðnir miklir vinir og erum eins og gömul hjón þegar ég er hjá honum. Hann hefur svo fallegt hjartalag og væntumþykja hans til kindanna snertir mann eins og Hrútar sinnum tveir. Þetta er bara sanna sagan.“

**gun@frettabladid.is**



Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir og afi,

**Jan Anton Juncker Nielsen**

Breiðvangi 10, Hafnarfirði,

lést á Líknardeild Landspítalans
í Kópavogi þann 11. nóvember sl.
Jarðsungið verður frá Fríkirkjunni
í Hafnarfirði fimmtudaginn 17. nóvember kl. 15.00.

**Guðrún Elín Magnúsdóttir**
**Kim Magnús Juncker Nielsen** **Kristín Lilja Björnsdóttir**
**Ísbjörg Elín Nielsen**
**Ari Brynjólfur Nielsen**
**Jón Birnir Nielsen**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Hulda Þórarinsdóttir,**

Tjarnarlundi 12b, Akureyri,

verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju
föstudaginn 18. nóvember kl. 13.30.

**Ari Halldórsson**
**Gyða Þ. Halldórsdóttir** **Jón Ragnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Bjarndís Gunnarsdóttir**

varð bráðkvödd á heimili sínu
mánudaginn 7. nóvember sl.
Útför hennar fer fram föstudaginn
18. nóvember kl. 13.00 frá Akraneskirkju.

**Rannveig Björg Jónsdóttir**
**Jón Bjarni Jónsson** **Vilborg Viðarsdóttir**
**Helena Bjarndís Bjarnadóttir** **Júlíus Daníelsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elsku mamma okkar, tengdamamma,
systir, mágkona og amma,

**Ingibjörg Haraldsdóttir**

skáld,

sem lést þann 7. nóvember verður
jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík
fimmtudaginn 17. nóvember kl. 15.

**Hilmar Ramos** **Sigríður R. Kristjánsdóttir**
**Kristín Eiríksdóttir** **Ingi Rafn Sigurðsson**
**Rannveig Haraldsdóttir** **Júlíus K. Valdimarsson**
**Þröstur Haraldsson** **Steinunn Hjartardóttir**
**María Ramos Hilmarsdóttir, Ingibjörg Ramos Hilmarsdóttir, Kolbjörn Ingason, Reginn Uni Ramsey, Sölva Magdalena Ramsey**

# TREFJAR KOMA REGLU Á HÆGÐIR OG Í VEG FYRIR HÆGÐATREGÐU

**Artasan kynnir** GlucoSlim inniheldur vatnsleysanlegar trefjar, unnar úr rótarhýði konjak-plöntunnar, sem fylla magann þannig að við borðum minna og verðum fyrr södd. Þær hægja á tæmingu magans og við verðum síður svöng. Inulin eru vatnsleysanlegar trefjar í duftformi sem er best að nota daglega til að koma reglu á hægðir og bæta almennt ástand meltingarfæranna. Trefjarnar eru góðar fyrir þarmaflóruna og koma reglu á hægðir.

Vissir þú að inntaka á trefjum, bæði í duftformi og í hylkjum er líklegast öflugasta og ódýrasta leiðin til að grenna sig, viðhalda reglulegum hægðum og heilbrigðri þarmaflóru?

### TREFJARÍKT MATARÆÐI

„Eitt af grundvallaratriðum góðrar heilsu er að hafa þarmaflóruna í lagi en ónæmiskerfi okkar er að mestu staðsett í meltingarveginum. Við hjálpum mikið til með því að taka inn góða mjólkursýrugerla og svo er auðvitað nauðsynlegt að borða hollan og næringarríkan mat. Maturinn okkar þarf að vera trefjaríkur til að viðhalda góðri meltingu og öflugri þarmastarfsemi en trefjar fáum við að stærstum hluta úr grænmeti, ávöxtum, fræjum, baunum og grófu korni," segir Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi hjá Artasan.

### HEILSUFARSÓGN

„Matarvenjur okkar hafa breyst gríðarlega síðastliðinn áratug. Við eldum sjaldnar úr óunnu hráefni og kaupum frekar unnar og forpakkaðar matvörur. Á þessum tíma hefur heimsmarkaður forpakkaðra matvæla vaxið um 92% sem þýðir að við erum að borða mikið minna af trefjum en áður. Unnin matvæli innihalda líka oftar en ekki mikið af aukaefnum en þau ásamt viðbættum sykri eru nú orðin mikil heilsufarsógn. Þessi efni eru óvinveitt þarmflórunni okkar og eru afleiðingarnar oftar en ekki tengdar meltingar- og hægðavandamálum sem hafa svo áhrif á allt okkar heilsufar."

### HVAÐ ERU TREFJAR?

Trefjar eða trefjaefni í matvælum eru kolvetni sem líkaminn getur ekki melt. Trefjaefnum er skipt í tvo meginflokka; leysanleg og óleysanleg, og er hvort tveggja gagnlegt fyrir heilsuna.

„Óleysanleg trefjaefni leysast ekki upp í vatni. Sum geta örvað vöxt örvera í ristlinum á meðan önnur binda í sig vatn og gera hægðirnar meiri og mýkri og auðvelda þannig losun. Þar sem óleysanleg trefjaefni flýta för fæðu í gegnum meltingarveginn koma þau í veg fyrir harðlífi og hægðatregðu. Vörur úr heilkorni, eins og gróf brauð, hýðishrísgrjón, belgjurtir, gúrkur, gulrætur og hnetur eru góðar uppsprettur af óleysanlegum trefjaefnum," segir Hrönn.

Hún segir leysanleg trefjaefni leysast upp í vatni og verða hlaupkennd. „Þau örva vöxt æskilegra baktería í þörmunum en talið er að þessar bakteríur séu nauðsynlegar fyrir heilsu okkar og eru áhrif þeirra mikið rannsökuð um þessar mundir. Áhrifin geta meðal annars verið að lækka bæði blóðsykur og kólesteról í blóði. Vatnsleysanlegar trefjar er m.a. að finna í hafragmjöli, hnetum, baunum, eplum og bláberjum."

### ÓDÝR OG ÖFLUG HEILSUBÓT

„Við vitum flest upp á hár hvaða mat við eigum að borða og hvað er hollt fyrir líkama okkar. Það er hins vegar annað mál hvort við förum eftir því. Meltingarónot, hægðatregða og vandamál tengd þessu eru líka allt of algeng en eins og áður sagði þá hefur það almennt slæm áhrif á heilsufar okkar. Trefjar í formi bætiefna eru lausn fyrir marga, hvort sem það er í hylkja- eða duftformi," segir Hrönn.

### GLUCOSLIM – GRENNANDI ÁHRIF OG ÖRVAR MELTINGU

„GlucoSlim er 100% náttúruleg afurð konjak-rótarinnar. Trefjarnar fylla magann þannig að við borðum minna og verðum fyrr södd. Að sama skapi hægja þær á tæmingu magans og við verðum síður svöng en trefjarnar eru líka gríðarlega góðar fyrir þarmaflóruna og koma reglu á hægðir."

### INULIN – AUÐVELDAR HÆGÐALOSUN

Inulin eru vatnsleysanlegar trefjar í duftformi sem er best að nota daglega til að koma reglu á hægðir og bæta almennt ástand meltingarfæranna. Inulin eflir fjölgun vinveittra gerla í þörmunum og hefur jákvæð áhrif á (heildar) kólesteról og þríglýseríð í blóði. Einnig hjálpa þær til við niðurbrot á innri fitu, þessari sem umlykur meltingarfærin. „Allar vatnsleysanlegar trefjar eru fyllandi og draga þannig úr matarlöngun. Vatnsleysanlegar trefjar eins og eru í GlucoSlim og Inulin eru ein af einföldustu, heilsusamlegustu og áhrifaríkustu leiðum sem hægt er að nota við þyngdarstjórnun og meltingarvandamálum."

**Mikilvægt** er að drekka a.m.k. eitt fullt vatnsglas með inntöku á vatnsleysanlegum trefjum því þær þurfa vökva til að bólgna út.






**Flestir vita hvaða mat þeir eiga að borða og hvað er hollt. Það er hins vegar annað mál hvort farið er eftir því.**

**Sölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana.**






Guðrún Bergmann heilsuráðgjafi hefur sett saman matreiðslubók um hreint mataræði. MYND/GVA

# KEMUR Á ÓVART HVAÐ HÆGT ER AÐ GERA ÁN SYKURS



Guðrún Bergmann heilsuráðgjafi hefur gefið út nýja matreiðslubók, Hreint í matinn. Í bókinni er að finna um hundrað uppskriftir að heimilismat, án sykurs, mjólkur og glútens.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



„Ég settist niður í einu af mínum bjartsýnisköstum og ákvað að skrifa bók. Byrjaði á að ákveða daginn sem hún færi í prentun og skrifaði hana svo á 59 dögum, 144 blaðsíður. Aðalsteinn Sigfússon sá um umbrotið fyrir mig og sagði mér þegar við sendum öll skjöl tilbúin úr húsi, degi fyrr en áætlað var, að það hefði aldrei gerst fyrr á hans ferli, en hann hefur verið að brjóta um bækur í fjölda ára," segir Guðrún Bergmann heilsuráðgjafi um nýjustu bók sína, Hreint í matinn. Þetta er sextánda bók Guðrúnar og önnur matreiðslubókin. Í henni er að finna fjölda uppskrifta án mjólkur, sykurs og glútens.

„Í bókinni eru í kringum hundrað uppskriftir að venjulegum heimilismat sem hentar flestum og tiltölulega fljótlegt er að matbúa," segir Guðrún.

„Bókin kemur til vegna námskeiða sem ég hef haldið um nokkurt skeið, um hreint mataræði en námskeiðin hef ég byggt á fræðum hjartalæknisins Alejandro Junger. Ég varð vör við að oft lenti fólk í vandræðum eftir námskeiðin með það hvernig það ætti að halda áfram. Ég sá að það vantaði matreiðslubók með stuðningsefni fyrir fólk meðan það er að læra að nota aðrar matartegundir en það er vant," segir Guðrún.

„Í bókinni legg ég áherslu á ólíkar útfærslur á morgunmat og hvað hægt er að nota í salöt, það eru í bókinni nokkrar góðar súpur og grænmetisréttir, fiskréttir, kjötréttir og síðast en ekki síst æðislegir eftirréttir. Það kemur fólki yfirleitt á óvart hvað hægt er að gera án þess að úða í það sykri, eða nota mjólk og hveiti," segir Guðrún.

## ÚR BÓKINNI:

### GRÆNKÁLSPESTÓ

Það er sérlega fljótlegt að gera þetta pestó, sem smakkast vel með steiktum eða bökuðum fiski, pasta, bökum, ofan á glútenlaust kex og brauð eða sem ídýfa með flögum eins og þaraflögunum frá GimMe. Til frekari bragðbætis má svo setja kryddaðar möndlur út í.

**1 ½ bolli rifið grænkál – blaðstilkur skorinn frá**
**½ bolli steinselja**
**½ bolli ólífuolía**
**1 lítið hvítlauksrif**
**Safi úr 2 litlum límónum**
**fínt Himalajasalt eftir smekk**
**Múskat á hnífsoddi**
**¼ bolli næringarger frá Naturata**
**¼–½ bolli möndlur**

Setjið grænkál, ólífuolíu, hvítlauk, sítrónusafa, salt og næringarger í blandarann og blandið á púls-stillingu þar til blandan er orðin jöfn.Bætið möndlunum (með eða án hýðis) út í og blandið á púls-stillingu þar til þær eru malaðar í þann grófleika sem óskað er.

### SÚKKULAÐIBÚÐINGUR

Þegar ég var krakki þótti mér alltaf frábært þegar mamma var með Royal-súkkulaðibúðing í eftirrétt. Ég man þó að mér leið alltaf dálítið illa í maganum á eftir, en hafði þá ekki hugmynd um að það væri út af því ég væri með mjólkuróþol.

**2 stórar vel þroskaðar lárperur (avókadó) eða fjórar litlar**
**4 msk. hrákakó frá Naturata**
**¼ bolli akasíuhunang frá Himneskri hollustu**
**¼ tsk. fínt Himalajasalt**
**⅛ tsk. cayenne-pipar fyrir þá sem vilja svolítinn hita í súkkulaðibragðið**

Afhýðið og takið steinana úr lárperunum. Setjið öll innihaldsefnin í blandara og þeytið vel saman þar til blandan er orðin jöfn og silkimjúk. Setjið búðinginn í ísskáp í klukkustund eða svo til að kæla hann.Berið fram einan sér eða með þeyttum kókosrjóma frá SoyaToo og skreytið t.d. með ferskum hindberjum eða doppu af hindberjasultu (Raspberry) frá St. Dalfour.




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* | Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357* **SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*



# ÞJÓNUSTA

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna unnin af fagmönnum. Góð umgengni. malarar@simnet.is Sími 8919890

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Ræstingar

Hó hó hó!! Jólin eru að koma.. kominn tími á að þrífa? Engar áhyggjur, þú þarft ekki að eyða dýrmætum tíma. Við erum tvær konur sem getum séð um þitt heimili. Góð verð, við getum þrifið hús, íbúðir og skrifstofur. Við vinnum 7 daga á viku, vinnutímar umsamdir. Við getum þrifið með eigin hreinsiefnum. Rasa 8673362 / kristinakaraliute@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Tökum að okkur allt almennt viðhald fasteigna inni og úti s.s flísalagnir, múrviðgerðir, smíðavinnu ofl. Uppl. í s. 698 0330 & 898 0418

## Tölvur

Tölvuviðgerðir og uppfærslur Mac & Windows. Sæki / sendi.Tölvukarlinn Sími 5671 919 & 666 1919

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar




## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18

Heima er bezt tímarit-þjóðlegt og fróðlegt. www.heimaerbezt.net - sími 5538200

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Herbergi til leigu m/aðgangi að eldhúsi, baði, þvottavél og þurrkara á sv. 200. Uppl. í s. 893 3475

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

# atvinna

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR**

**Erum með vana smiði, verkamenn, múrara og pípara sem eru klárir í mikla vinnu.**

**HANDAFL EHF s. 777 2 333**

## Bókari

Borgun leitar að öflugum bókara með reynslu og metnað til að ganga til liðs við fjármálasvið fyrirtækisins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Reynsla af bókhaldi
- Nám sem nýtist í starfi, s.s. viðurkenndur bókari
- Góð tölvukunnátta
- Skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- Góð þjónustulund og samskiptahæfileikar
- Sjálfstæði í starfi og hæfni til að vinna undir álagi

**Helstu verkefni:**
- Viðskiptamannabókhald
- Skönnun, skráning og bókun kostnaðarreikninga
- Mánaðarlegar afstemmingar
- Önnur tilfallandi verkefni

Nánari upplýsingar um starfið veitir Rakel Ýr Guðmundsdóttir mannauðsstjóri í síma 560 1561. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á **borgun.is**. Umsóknarfrestur er til og með **20. nóvember nk.**

BORGUN

## RÁÐNINGAR



Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna. Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

# MIKIÐ ÚRVAL FALLEGRA LEGSTEINA Á MJÖG GÓÐU VERÐI

FYLGIHLUTIR FYLGJA EKKI MEÐ

GETUM ENN AFGREITT LEGSTEINA FYRIR JÓL

NR. 116-5
VERÐ KR. 209.000

NR. 2042
VERÐ KR. 178.900

NR. 2046
VERÐ KR. 251.900

NR. 2006 AURORA
VERÐ KR. 245.900

NR. 104 SHANXI BLACK
VERÐ KR. 325.900

NR. 113 PARADISO
VERÐ KR. 285.900

NR. 2021
VERÐ KR. 294.900

NR. GS-1002
VERÐ KR. 589.000

NR. 118 PARADISO
VERÐ KR. 305.900

STÆRÐ
H. 27 CM.
BR. 30 CM.

VERÐ KR. 79.900,-
INNIFALIN ÁLETRUN.

GÆLUDÝRASTEINAR

## ÁLETRUN OG UPPSETNING ERU INNIFALIN Í OKKAR VERÐUM

AKSTURSGJALD BÆTIST VIÐ UTAN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

## ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




Graníthöllin
Legsteinar

BÆJARHRAUNI 26,
HAFNARFIRÐI

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.



Særún Sveinsdóttir Williams

lést á heimili sínu í Bandaríkjunum 6. nóvember sl. Bálför hefur farið fram en minningarathöfn í Hafnarfirði verður auglýst síðar.

**Börn og barnabörn hinar látnu.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Sigríður Rósa Björgvinsdóttir**

áður til heimilis að Grashaga 10, Selfossi,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund sunnudaginn 6. nóvember sl. Útförin fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 18. nóvember kl. 13.30.

**Kristín Ólafsdóttir** — **Helgi Garðarsson**
**Björgvin Ólafsson**
**Magnús Ólafsson** — **Rut Bjarnadóttir**
**Þórir Ólafsson** — **Helga Guðmundsdóttir**
**Ólafur Jökull Ólafsson** — **Astrid Bleeker**
**Guðný Ólafsdóttir**
**Þengill Ólafsson** — **Margrét Ýr Flygenring**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Óskarsson**

fyrrverandi eftirlitsmaður,

lést á Hrafnistu í Reykjavík, sunnudaginn 30. október. Útförin fer fram frá Seltjarnarneskirkju miðvikudaginn 16. nóvember klukkan 15.00.

**Katrín Marteinsdóttir**
**Lilja Jónsdóttir** — **Ragnar Daníel Stefánsson**
**Marteinn Jónsson** — **Þórunn Björg Ásmundardóttir**
**Kristján Jónsson** — **Kristín Ólöf Jansen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigurbjörg Skagfold Kristinsdóttir**

sem lést á Landspítalanum 11. nóvember, verður jarðsungin frá Áskirkju fimmtudaginn 17. nóvember kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Frantz A. Pétursson,**
**Aðalheiður Kristín Frantzdóttir, Pétur Ingi Frantzson,**
**Jón Þórir Frantzson,**
**tengdadætur, barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, sonur og afi,

**Kristþór Halldórsson**

Moldhaugum,

sem lést á lyflækningadeild Sjúkrahússins á Akureyri 8. nóvember sl., verður jarðsunginn frá Glerárkirkju föstudaginn 18. nóvember klukkan 13.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis. Kærar þakkir fær starfsfólk lyflækningadeildar SAk fyrir einstaka umönnun, hlýhug og vináttu.

**Ása Björk Þorsteinsdóttir**
**Sigríður Kristín Kristþórsdóttir** — **Gunnar Reynisson**
**Elmar Freyr Kristþórsson**
**Agnes Þóra Kristþórsdóttir** — **Andri Már Sigurðsson**
**Halldór Árnason**
**og barnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# Mörg orð í sögunni sem eru ekki til annars staðar

**Jómsvíkingasaga sem rituð var fyrst á þrettándu öld varð Þórdísi Eddu Jóhannesdóttur bókmenntafræðingi rannsóknarefni í nýlegri doktorsritgerð.**

Jómsvíkingasaga hefur yfir sér afþreyingaryfirbragð frekar en sem sannferðug sagnfræði. Mögulega er hún fyrsta sagan sem sýnir að það sé í lagi að blanda saman skáldskap og sagnaritun. Það er svolítið spennandi,“ segir Þórdís Edda Jóhannesdóttir bókmenntafræðingur. Hún varði nýlega doktorsritgerð við Háskóla Íslands sem heitir Jómsvíkinga saga: Sérstaða, varðveisla og viðtökur.

„Elsta handrit Jómsvíkingasögu er ritað fyrir 1300 og það er talið skrifað eftir öðru sem gæti hafa verið frá 1220, það eru svo gamaldags máleinkenni á því. Svo hún er með elstu sögum,“ segir Þórdís. „Atburðirnir eru taldir gerast – eða ekki gerast – á 10. öld í Danmörku, Noregi og Póllandi, eða Vindlandi eins og það hét þá. Þarna eru sögulegar persónur og sögulegir atburðir en samt meira og minna skáldskapur. Mér finnst mjög áhugavert að svona gömul saga sé þannig.“

Þórdís segir Jómsvíkingasögu varðveitta í nokkrum handritum frá mismunandi tímum á miðöldum. „Engin tvö handrit eru eins og ég velti fyrir mér af hverju svo sé, hvort smekkur fólks hafi breyst í tímans rás. Eitt handritið er frá 16. öld og þar er búið að breyta mörgu sem mér fannst rökrétt að tengja smekk. Þar eru meiri sviðssetningar, meiri lýsingar á persónum og fleira í þeim dúr. Þá eru komnir inn straumar frá rómönsum og fornaldarsögum.“

> **Þarna eru sögulegar persónur og sögulegir atburðir en samt meira og minna skáldskapur. Mér finnst mjög áhugavert að svona gömul saga sé þannig.**

Flest handritin að Jómsvíkingasögu eru geymd í Danmörku, eitt er í Svíþjóð en það yngsta hér í Reykjavík, í Árnasafni að sögn Þórdísar. „Svo er hún líka að hluta til í Flateyjarbók og hún er hér,“ bendir hún á. Hún segir söguna ritaða á íslensku og á aðgengilegu máli. „Hún er svolítið skrítin, stíllega séð, ber þess merki að sagnaritun er ekki mjög mótuð, kannski talmálsleg, sem er auðvitað erfitt að fullyrða þegar maður hefur ekki aðgang að talmáli. Þar eru mörg orð sem eru ekki til annars staðar – hurfu kannski úr málinu. En þar er líka margt sem vísar fram til stílsins sem við þekkjum í Íslendingasögum, hnyttni og fyndin tilsvör.“

Þórdís starfar við stundakennslu í HÍ bæði í bókmenntum og ritfærni og eftir áramót mun hún kafa ofan í miðaldahandrit með þeim sem hafa áhuga á því fagi. „Ég kenni svona það sem þarf að kenna, þegar vantar,“ segir hún glaðlega. gun@frettabladid.is




**„Það er gott að þetta er búið, ekki spurning. Ákveðinn léttir,“ segir Þórdís Edda um doktorsvörnina.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Gunnar Jensson**

Hofteig 42, Reykjavík,

lést á Borgarspítalanum 6. nóvember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Vigdís Guðmundsdóttir**
**Heimir Gunnarsson** — **Hulda Þorsteinsdóttir**
**Sigurður Gunnarsson**
**Jens Gunnarsson**
**Birkir Heimisson** — **Hafdís Helgadóttir**
**Arnar Heimisson**
**Logi Birkisson**



Yndislega móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ingibjörg Helga Óskarsdóttir**

hjúkrunarfræðingur,

lést á Sóltúni 8. nóvember. Útförin fer fram frá Digraneskirkju miðvikudaginn 16. nóvember kl. 15. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Alfreð S. Jóhannsson** — **Magdalena Sigurðardóttir**
**Ingibjörg Ósk Jónsdóttir** — **Ólafur Gunnarsson**
**Eiríkur Jónsson** — **Oddný Sigurðardóttir**
**Ferdinand Jónsson** — **Ishaiga Jalloh**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


SÍÐASTA EINTAKIÐ
-70%
Útsölulok
Sumt þolir bara enga bið
Það er auðvitað alltaf skynsamlegt að spara og eiga fyrir hlutunum. En lífið passar ekki alltaf vel í Excel-skjal og stundum þarf einfaldlega að bregðast hratt við, bjarga málum eða grípa tækifæri. Þá koma Raðgreiðslur Borgunar til sögunnar og brúa bilið.
Raðgreiðslur
mastercard
maestro
VISA
VISA ELECTRON
BORGUN

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Þriðjudagur




Suðvestan hvassviðri með skúrum eða slydduéljum en snjóél til fjalla og líklegt að það geti slegið í storm í éljahryðjunum. Hægari vindur og lengst af þurrt á Norður- og Austurlandi. Hægari vindur um kvöldið víðast hvar. Hiti 1 til 5 stig.

## Miðvikudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 3° | ↓ 7 |
| Ísafjörður | -2° | ↙ 17 |
| Akureyri | -2° | ↘ 4 |
| Egilsstaðir | -1° | ↑ 1 |
| Kirkjubæjarkl. | 0° | → 7 |
| Hveravellir | -7° | ↓ 11 |

## Fimmtudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 1° | ↓ 20 |
| Ísafjörður | -3° | ↓ 22 |
| Akureyri | -0° | ↓ 16 |
| Egilsstaðir | -0° | ↓ 10 |
| Kirkjubæjarkl. | 0° | ↓ 16 |
| Hveravellir | -4° | ↓ 20 |

## Þrautir

### Krossgáta



**LÁRÉTT**
2. forboð
6. í röð
8. rotnun
9. skammstöfun
11. pot
12. hrísluskógur
14. trufla
16. skst.
17. arr
18. kvk. nafn
20. tveir eins
21. kássa

**LÓÐRÉTT**
1. afl
3. frá
4. nú á tímum
5. lúsaegg
7. stýra
10. of lítið
13. farvegur
15. sóða
16. fálm
19. tvíhljóði

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. bann, 6. rs, 8. fúi, 9. etv, 11. ot, 12. kjarr, 14. ónáða, 16. fr, 17. sig, 18. una, 20. öö, 21. mauk.
**LÓÐRÉTT:** 1. þrek, 3. af, 4. nútorðið, 5. nit, 7. stjórna, 10. van, 13. rás, 15. agða, 16. fum, 19. au.

### Skák Gunnar Björnsson



Kristján Geirsson (1.610) átti leik gegn Björgvini Schram Ívarssyni á U-2000 móti TR fyrir skemmstu.

**Hvítur á leik**

**17. Rdxb5!** (má líka drepa með hinum riddaranum). **17.… axb5 18. Rxb5 Da5** (18.… Dc6 19. Ra7 Dc7 20. Rxc8 Rxe3 hefði verið betra) **19. Bxc4** og hvítur vann síðar. Haraldur Baldursson, Dawid Kolka og Kjartan Ingvarsson eru efstir á mótinu.
**www.skak.is:** Heimsmeistaraeinvíginu framhaldið í kvöld.






## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 2 | | | 4 | 5 |
| | | 8 | | 4 | 3 | | | |
| 9 | | 2 | 1 | | 8 | 3 | | |
| 1 | 3 | 5 | | | | | | 7 |
| | | 9 | | 8 | | 5 | | |
| 7 | | | | 3 | 2 | | | 9 |
| | | | | | | | 2 | |
| | 5 | | | | | | 6 | |
| 3 | | 7 | | 9 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | | 7 | 2 | | |
| 2 | | 7 | 5 | | | 9 | | |
| | | | 8 | | | | | 7 |
| | 2 | 1 | | | | | 8 | 5 |
| | | | | | | 6 | 4 | |
| | | 8 | | 2 | 3 | 7 | | |
| | 6 | 5 | | | | 8 | | |
| | 4 | | | | 6 | | | 9 |
| | | 9 | 3 | 1 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | | | 1 | 4 | | |
| 8 | 6 | 3 | | | | | 5 | 7 |
| | 1 | | 5 | | | | | 3 |
| 4 | | | | | | 3 | | |
| 1 | 2 | | | | 6 | | 8 | |
| 3 | | | | | 4 | | | 1 |
| 5 | 3 | 2 | | | 7 | | | |
| | | 9 | | 4 | | | | |
| | | | 6 | | | | | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 4 | 5 | 9 | 2 | 6 | 1 | 3 | 7 |
| 2 | 9 | 6 | 3 | 1 | 7 | 5 | 4 | 8 |
| 1 | 7 | 3 | 5 | 4 | 8 | 6 | 9 | 2 |
| 6 | 1 | 4 | 7 | 8 | 5 | 3 | 2 | 9 |
| 5 | 8 | 9 | 6 | 3 | 2 | 4 | 7 | 1 |
| 3 | 2 | 7 | 1 | 9 | 4 | 8 | 5 | 6 |
| 7 | 3 | 1 | 4 | 6 | 9 | 2 | 8 | 5 |
| 9 | 6 | 8 | 2 | 5 | 3 | 7 | 1 | 4 |
| 4 | 5 | 2 | 8 | 7 | 1 | 9 | 6 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 8 | 1 | 6 | 5 | 2 | 3 | 7 |
| 3 | 6 | 5 | 2 | 7 | 4 | 9 | 8 | 1 |
| 1 | 7 | 2 | 3 | 8 | 9 | 4 | 6 | 5 |
| 7 | 3 | 1 | 4 | 9 | 8 | 6 | 5 | 2 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 3 | 1 | 7 | 4 | 9 |
| 4 | 5 | 9 | 6 | 2 | 7 | 3 | 1 | 8 |
| 6 | 1 | 3 | 7 | 5 | 2 | 8 | 9 | 4 |
| 8 | 2 | 4 | 9 | 1 | 3 | 5 | 7 | 6 |
| 5 | 9 | 7 | 8 | 4 | 6 | 1 | 2 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 8 | 7 | 1 | 2 | 3 | 4 | 6 | 5 |
| 3 | 2 | 4 | 6 | 8 | 5 | 7 | 9 | 1 |
| 1 | 5 | 6 | 4 | 9 | 7 | 3 | 8 | 2 |
| 6 | 1 | 5 | 9 | 7 | 8 | 2 | 3 | 4 |
| 4 | 3 | 8 | 2 | 5 | 6 | 1 | 7 | 9 |
| 2 | 7 | 9 | 3 | 1 | 4 | 6 | 5 | 8 |
| 5 | 9 | 1 | 7 | 3 | 2 | 8 | 4 | 6 |
| 7 | 4 | 2 | 8 | 6 | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 8 | 6 | 3 | 5 | 4 | 1 | 9 | 2 | 7 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Íslenskt kollagen til sölu í Magasin du Nord

Magasin du Nord hóf sölu á íslenskum vörunum frá Feel Iceland í síðustu viku. Feel Iceland býður upp á fæðubótarefni og húðvörur sem vinna saman bæði innan frá og utan að bættu útliti og líðan en vörurnar eru unnar úr aukaafurðum íslensks sjávarfangs.

„Við erum í skýjunum með þetta, því Magasin du Nord velur mjög vandlega inn þær vörur sem þar eru seldar. Vörurnar okkar verða þær fyrstu og einu sem innihalda kollagen til inntöku sem seldar hafa verið í versluninni. Kollagen fæðubótarefni hefur verið gríðarvinsælt í Japan síðustu ár og nú er bylgjan að færast yfir til Evrópu og Bandaríkjanna,“ segir Hrönn Margrét Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Ankra – Feel Iceland.

Ný deild sem sérhæfir sig í grænum húðvörum var opnuð í síðustu viku í Magasin du Nord og þar eru vörurnar frá Feel Iceland fáanlegar.

„Við erum að stíga okkar fyrstu skref erlendis en mikil eftirspurn hefur verið eftir vörum okkar hjá erlendum verslunum og okkur finnst alveg ótrúlegt hvernig þær finna okkur þar sem við höfum ekki kynnt okkur mikið. En þetta er lúxusvandamál og eitthvað sem við munum koma til með að nýta okkur á komandi mánuðum,“ segir Hrönn Margrét.



Magasin du Nord við Kóngsins nýjatorg.



Kristín Ýr Pétursdóttir og Hrönn Margrét Magnúsdóttir, stofnendur Ankra – Feel Iceland. MYND/AÐSEND

# Conor klæddist Gucci í Vegas

Það er greinilegt að Gucci, undir stjórn Alessandros Michele, er að slá í gegn hjá öllum. Sama hvort það eru fyrirsætur eða íþróttamenn, þá vilja allir eignast flíkur frá Gucci. Conor McGregor er engin undantekning.

Fyrir bardagann við Eddie Alvarez um helgina birti McGregor myndir af sér í Gucci frá toppi til táar. Hann var í hvítri minkakápu við klassíska Gucci-skó. Alls ekki amalegt hjá Íslandsvininum.



Conor rotaði Eddie og er hann því léttvigtar- og fjaðurvigtarmeistari UFC.

Aldrei áður í 23 ára sögu UFC hefur einn maður verið meistari í tveimur þyngdarflokkum á sama tíma. Tískuvit Írans kjaftfora hefur oft komið honum á forsíður tískublaða en hann þykir hafa með eindæmum góðan smekk.



Rihanna á tónleikum.

# Rihanna hannar vetrarskó

Rihanna og Manolo Blahnik hafa ákveðið að fara í samstarf í annað sinn og hanna vetrarskó. Í sumar frumsýndi Rihanna skó sem hún hannaði með skóhönnuðinum fræga og hafa slegið í gegn.

Líklegt er að vetrarskórnir verði einnig afar vinsælir hjá aðdáendum hennar sem og skóáhugamönnum. Nýja línan ber heitið „Savage“ og þar er að finna há stígvél sem lág og það er mikið um loðskinn á þeim.

Það er nokkuð ljóst að skórnir verða ansi dýrir en skórnir í síðustu samstarfslínu þeirra kostuðu á milli 895 og 3.995 dollara.


FJÖLNOTA KOSTAR MINNA

– LÍKA FYRIR UMHVERFIÐ!



120 KR. SVARTUR sterkur og notadrjúgur

180 KR. RAUÐUR léttur og passar í veski

150 KR. GRÁR með hólfum fyrir flöskur

ENNEMM / SÍA

Berðu saman plastpoka og fjölnota poka.
Eftir það berðu bara fjölnota poka.

Umhverfisvernd er hluti af samfélagslegri ábyrgð.

VÍNBÚÐIN

# Lengri gerð SsangYong Tivoli

SsangYong, framleiðandi Tivoli, Korando og Rexton, hefur notið vaxandi velgengni í kröfuhörðum flokki jepplinga og jeppa. Rexton og Korando hafa verið lengi í framleiðslu og sá síðarnefndi allt frá árinu 1983. Nýir eigendur að SsangYong komu sterkir inn 2011 og stórefldu alla þróunar- og markaðsstarfsemi. Tivoli jepplingurinn glæsilegi, sem kynntur var til sögunnar á síðasta ári, er einn afrakstur þessa. Hann vakti strax mikla athygli fyrir hönnun, vandaðan búnað og hagstætt verð og hefur náð mikilli sölu í Evrópu. Nýlega kom svo fram að SsangYong ætlaði sér að hefja sölu í Bandaríkjunum árið 2020. Samkvæmt upplýsingum frá Bílabúð Benna, umboðsaðila SsangYong hér heima á Íslandi, er Tivoli líka að stimpla sig sterkt inn hjá íslenskum bílakaupendum. Þá nefna þeir að til marks um vaxandi velgengni hans á alþjóðavísu að Tivoli frá SsangYong hafi nú tryggt sér sæti á lista yfir bíla sem tilnefndir eru til nafnbótarinnar „Bíll ársins 2017“. Það hlýtur að teljast góður fyrirboði fyrir framtíð SsangYong. Stærri útgáfa af Tivoli, Tivoli XLV, er væntanlegur á næstunni hjá Bílabúð Benna og er hann með mun meira flutningsrými en hin hefðbundna gerð hans.

# Ford hættir með Flex árið 2020

Ford hefur framleitt Flex fjölnotabílinn frá árinu 2008 en framleiðslu hans verður hætt árið 2020. Ástæða þess er einföld, hann selst ekki nógu vel. Á fyrstu 9 mánuðum ársins hefur Ford selt 17.034 Flex bíla og til að setja þá sölu í samhengi má nefna að Ford seldi 16.667 Explorer jeppa einungis í septembermánuði. Besta söluár Flex var árið 2009, en þá náði salan samt ekki 40.000 bílum. Líklega er Ford að rýma fyrir framleiðslu fleiri jepplinga eða jeppa með því að hætta framleiðslu Flex, en slíkir bílar eiga mjög upp á pallborðið vestan hafs nú um stundir.

Í plönum Ford eru fjórir nýir jepplingar og jeppar, svo af nógu er að taka ef pláss vantar fyrir framleiðslu þeirra í verksmiðjunni þar sem Flex hefur verið framleiddur í. Ford Flex er mjög sérstakur bíll í útliti og er hann einn af þeim bílum sem fólki annaðhvort mislíkar mjög eða finnst mjög flottur. Hann er afar kassalaga og fyrir vikið er í honum mikið pláss. Fá má Ford Flex með allt að 365 hestafla EcoBoost vél og með henni er þessi stóri bíll aðeins 6,2 sekúndur í hundraðið.





Volvo S90 og V90 eru nú af glænýrri kynslóð.

# Volvo flytur framleiðslu S90 og V90 frá Svíþjóð til Kína

Ætlar að selja 200.000 bíla á ári í Kína í lok áratugarins og heildarframleiðslan á að fara úr 500.000 bílum í 800.000. Þriðjungur heildarframleiðslu Volvo verður brátt í Kína.

Flaggskip Volvo í fólksbílaflokki, Volvo S90, hefur hingað til verið framleitt í Gautaborg í Svíþjóð eins og svo margar aðrar gerðir Volvo bíla. Framleiðsla S90 verður hins vegar flutt bráðlega til Kína, nánar tiltekið til Daqing, og þaðan verður þessi stóri lúxusbíll fluttur til allra annarra markaða í heiminum. Í Daqing verða allar gerðir S90 framleiddar, þar á meðal lengri gerð bílsins sem selst vel í Asíu eins og flestar aðrar lengdar gerðir lúxusbíla.

**60 og 40 bílar Volvo að auki**

Volvo 60-línan verður einnig brátt framleidd í Kína, þ.e. í Chengdu, og 40-línan í nýrri verksmiðju Volvo í Luqiao, suður af Shanghai. Hann er reyndar einnig framleiddur í Ghent í Belgíu. Verksmiðjan í Luqiao er í eigu Geely, sem á Volvo og í henni verða einnig framleiddir bílar undir nýju merki Geely, Lynk & Co. Volvo mun einnig opna nýja verksmiðju í Ridgeville í S-Karólínuríki Bandaríkjanna árið 2018 og þar verða nokkrar gerðir Volvo bíla smíðaðar fyrir Ameríkumarkað.

**Forstjóraútgáfa S90**

Volvo ætlar að framleiða Excellence gerð S90 bílsins og fer þar vandaðasta gerð hans, eiginlega hreinræktaður forsetabíll og verður hann sýndur fyrst á bílasýningunni Guangzhou Motor Show í Kína í þessum mánuði. Í þessum bíl hefur farþegasætið frammí verið fjarlægt og í stað þess komið vinnuborð, afþreyingartæki, kampavínskælir með kristalsglösum og skógeymsla fyrir forstjórann sem situr aftur í. Svona útbúnir bílar eru mun vinsælli í Asíu en í Evrópu og Bandaríkjunum.

**Kína að yfirtaka Bandaríkin sem stærsti lúxusbílamarkaðurinn**

Lars Danielsson sem fer fyrir Volvo í Asíu og á Kyrrahafssvæðinu segir að Kína sé að taka við af Bandaríkjunum sem stærsti markaðurinn fyrir lúxusbíla og að á þessu ári muni seljast þar yfir tvær milljónir lúxusbíla. Það ætlar Volvo ekki að láta fram hjá sér fara og stefnan hjá Volvo er að ryðja þá braut í Kína umfram aðra lúxusbílaframleiðendur. Volvo hefur selt 54.496 bíla í Kína á fyrstu 8 mánuðum þessa árs og salan er 10 prósentum meiri en í fyrra, en heildarsalan í fyrra var 81.885 bílar. Til samanburðar var sala Volvo allt árið í fyrra í Bretlandi 44.000 bílar, en markmiðið er að hún verði komin í 60.000 bíla þar árið 2020.

**Stórtækar söluáætlanir í Kína**

Væntingar Volvo í Kína eru þó mun stórtækari og ætlar Volvo að selja 200.000 bíla árið 2020 og þá á heildarsala Volvo í heiminum öllum að vera komin í 800.000 bíla. Heildarsalan í fyrra var 503.127 bílar. Til þess að svo mikilli aukningu verði náð þarf að fjölga verksmiðjum þeim sem Volvo bílar eru framleiddir í og þar kemur eigandi Volvo, kínverska fyrirtækið Geely, til sögunnar, en um þriðjungur framleiðslunnar árið 2020 mun fara fram í verksmiðjum þess í Kína.

Eins og staðan er nú hjá Volvo hefur fyrirtækið ekki við að framleiða vinsæla bíla sína og eftirspurnin t.d. eftir jeppanum XC90 er mun meiri en framboðið og það á við fleiri bílgerðir Volvo. Því eru áætlanir Volvo ef til vill ekki svo óraunhæfar.

# BMW hefur selt 100.000 rafmagnsbíla á 3 árum

Bílum sem ganga fyrir rafmagni fjölgar hratt á götum heimsins og BMW er einn þeirra bílaframleiðenda sem tekist hefur að selja yfir 100.000 slíka bíla. Það hefur BMW tekist á aðeins 3 árum. BMW setti i3 rafmagnsbílinn á markað árið 2013 og hefur nú þegar selt yfir 60.000 eintök af honum og fullyrðir BMW að hann sé söluhæsti rafmagnslúxusbíll heims, þó svo Tesla sé ef til vill ekki sammála þeirri fullyrðingu. BMW hefur einnig selt yfir 10.000 eintök af i8 tengiltvinnbílnum, sem er öllu stærri og dýrari bíll, en hann kom á markað árið 2014. Enn fremur hefur BMW selt yfir 30.000 tengiltvinnbíla af öðrum gerðum sínum, meðal annars X5 jeppanum í tengiltvinnútgáfu.

**Líka Mini rafmagnsbílar**

Þar sem BMW hefur fjölgað mjög bílgerðum sínum sem ganga að hluta til fyrir rafmagni og enn fleiri slíkir bílar á leiðinni má búast við að næstu 100.000 BMW rafmagnsbílar muni seljast á skemmri tíma en þremur árum. Mini bílamerkið er í eigu BMW og þar á bæ er einnig farið að selja tengiltvinnbíla og sá fyrsti í þeirri röð er Mini Countryman PHEV tengiltvinnbíll. Enn fremur stendur til að koma með fyrsta hreinræktaða rafmagnsbílinn frá Mini árið 2019 og árið eftir kemur X3 jepplingurinn út sem hreinræktaður rafmagnsbíll. Glænýja bílgerð sem gengur eingöngu fyrir rafmagni er svo í kortunum hjá BMW árið 2021.



BMW i3 rafmagnsbíllinn hefur selst í 60.000 eintökum.

# IVECO BUS

## SKÓLABÍLAR • ÁHAFNARRÚTUR • FERÐAMANNARÚTUR




EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX



## IVECO DAILY MINIBUS

**Fáanleg með 16–22 farþegasætum.**
**Algeng útfærsla er fyrir 19 farþega.**

Frábærlega útfærð og hönnuð smárúta frá Iveco Bus. Ein öflugasta bifreiðin í flokki rúta með 6.500 kg heildarþyngd státar af sterkum undirvagni, mjúkri og sterkri fjöðrun og einstökum aksturseiginleikum. Öflug 3,0 líter dísilvél og 8 þrepa Hi-Matic sjálfskipting frá ZF. Þægindi farþega eru í fyrirrúmi og stórir gluggar auka á það, góð loftræsting og þægileg hljóðvist. Hægt er að panta rútuna með fjölbreyttri sætaskipan og breiðu úrvali aukahluta. Mikið er lagt upp úr öryggi farþega og uppfylla allar smárútur frá Iveco Bus ýtrustu öryggiskröfur og Evrópustaðla svo sem ECE 66*.



## IVECO DAILY TOURIST COACH

**Fáanleg með 20-31 farþegasæti.**
**Algeng útfærsla er fyrir 27 farþega.**

Afburða vel útfærð smárúta sem tekur allt að 31 farþega og er á einstöku verði. Undirvagninn er Iveco Daily 70C sem leyfir heildarþyngd allt að 7,2 tonnum. Yfirbygging er úr trefjaplasti og stoðgrind úr ryðfríu stáli. Öflug 3,0 líter dísilvél og 8 þrepa Hi-Matic sjálfskipting frá ZF. Rúmgóðar farangursgeymslur, björt og rúmgóð yfirbygging og fjölbreytt úrval afþreyingarkerfa einkenna þessa bíla. Mikið er lagt upp úr nýjustu tækni og góðri aðstöðu fyrir ökumann. Daily Tourist Coach er fullbúin eftir ýtrustu öyggiskröfum og uppfyllir alla Evrópustaðla svo sem ECE 66*.

*Öryggispróf og staðall þar sem áhersla er lögð á styrk yfirbyggingar við veltu.

FENIKSBUS®

IVECO BUS

Allar nánari upplýsingar fást hjá sölufulltrúa í síma 575 1200 / sveinnm@bl.is

IVECO BUS - Kauptúni 1 - Sími 575 1200 - www.bl.is

BÍLAR


Mercedes Benz Sprinter bíll Arctic Exclusive.


Stórglæsileg sætin eru úr sams konar leðri og notað er í Mercedes Benz S-Class.


Uppdraganleg og mjög flott borð eru í bílnum.

# Ferðast um í lúxus hjá Arctic Exclusive

Breytt af Diewert í Þýskalandi og er nú jafn glæsilegur að innan og flottustu einkaþotur. Tvö risasjónvörp, 4 tölvuborð og WiFi tenging.

Fyrirtækið Arctic Exclusive á líklega flottasta fólksflutningabíl landsins og í honum er ekkert til sparað til að gera vel við farþega. Þessum bíl er enda ætlað að þjóna þeim hluta ferðamanna hérlendis sem hafa hvað mest á milli handanna. Bíllinn er af Mercedes Benz Sprinter gerð, en honum hefur sannarlega verið breytt mikið þótt það sjáist ekki utan á honum. Arctic Exclusive hannaði bílinn sjálft en lét þýskt breytingafyrirtæki sérsmíða bílinn að innan.

**Sérsmíðaður af Diewert**

Bílinn keypti Arctic Exclusive af Öskju og þá sem tóman sendibíl, hann var svo fluttur innan Þýskalands til lítils bæjar að nafni Minden, þar er lítið fjölskyldufyrirtæki, Diewert. Diewert sérhæfir sig í smíði á lúxusbílum og þá aðallega af gerðinni Mercedes Benz Sprinter og V-Class. Smíðin hjá Diewert tók tólf vikur og er allt sérsmíðað fyrir hvern bíl enda engir tveir eins. Þessi gerð af bílum er kölluð „Jet Van“ í Bandaríkjunum og er þá verið að vitna til líkindanna milli þeirra bíla og einkaþotna. Geta má þess að breytingin á bílnum kostaði mun meira en bíllinn sjálfur.

**Mikill lúxus og troðinn búnaði**

Dæmi um búnað í bílnum er tvö 32 tommu Samsung smart TV, auk Apple TV. Tvöföld WiFi-tenging er í bílnum, önnur fyrir sjónvörp og hin fyrir farþega til einkanota. Fjögur uppdraganleg fartölvuborð eru í bílnum, „sky light“ ljós í toppi og RGB LED-ljós á ýmsum stöðum. Í bílnum eru sjö stórglæsileg leðursæti með leðri frá Mercedes (sama og í S class Benz), viðarpanell með brúnni rót frá Benz, fjölmargir lokaðir skápar, rafknúnar gardínur og hægt er að loka á milli farþega- og bílstjórarýmis. Kampavínskælir er náttúrulega á sínum stað og fjöldi glasa í upplýstum skáp í hliðunum. Í stuttu máli var ekkert til sparað í þennan bíl og hann algjört augnakonfekt. Bílinn fékk Arctic Exclusive til landsins í vor og hann hefur verið notaður í sumar og haust við akstur á ferðamönnum sem vilja aðeins það besta þegar kemur að lúxus og þægindum og nóg er að gera.


Í bókinni eru yfir 400 myndir af fegurstu bílum gullaldaráranna vestanhafs.

## Gullöld bílsins – Glæsivagnar risanna þriggja




Út er komin hjá Forlaginu bókin Gullöld bílsins eftir Örn Sigurðsson, en hann er höfundur bókanna Íslenska bílaöldin og Króm og hvítir hringir. Á fimmta og sjötta áratug síðustu aldar voru risarnir þrír, General Motors, Ford og Chrysler, nær allsráðandi á bílamarkaði heimsins. Á sama tíma átti sér stað mesta bylting í tækni og hönnun sem sést hefur og glæsilegustu bílar sögunnar litu dagsins ljós. Í Gullöld bílsins er þetta minnisstæða tímabil rifjað upp með yfir 400 myndum af flottustu bílunum og auglýsingunum sem notaðar voru til að kynna þá.
Greint er frá því helsta sem gerðist á þessum árum og stiklað á stóru í sögu framleiðendanna. Gullöld bílsins er 152 bls. að lengd og ómissandi fyrir alla bílaáhugamenn.


Nissan Leaf er vinsæll um allan heim en mest seldur í Bandaríkjunum.

## 100.000 Nissan Leaf seldir í Bandaríkjunum

Nissan náði þeim áfanga að selja hundrað þúsundasta Leaf bíl sinn í Bandaríkjunum í septembermánuði. Mánuðurinn var einnig góður hvað sölu bílsins áhrærir því 14 prósentum fleiri slíkir seldust en í sama mánuði í fyrra. Engu að síður er heildarsala Nissan Leaf 28 prósentum undir sölunni í fyrra á fyrstu 9 mánuðum ársins og hafa alls selst 10.650 bílar í ár. Bandaríkin eru langstærsti markaður heims fyrir Nissan Leaf bíla, en Nissan hefur frá upphafi framleitt 239.000 Leaf bíla, svo 42 prósent þeirra hafa selst í Bandaríkjunum. Í heimalandinu Japan hafa selst 70.000 bílar og 63.000 í Evrópu. Chevrolet Volt hefur frá upphafi verið aðal samkeppnisbíll Nissan Leaf en Chevrolet náði því takmarki að selja 100.000 Volt bíla nú í júlí og hefur nú alls selt ríflega 107.000 bíla. Nissan Leaf mun á næstunni fá stærri 60 kWh rafhlöður og ná þá 320 km drægi. Ef til vill mun salan á Leaf taka kipp við markaðssetningu hans.

## General Motors segir upp 2.000 manns

Um leið og bílakaupendur vestanhafs velja helst jepplinga og jeppa hrynur sala fólksbíla, ekki síst minni fólksbíla. Við þessu þurfa bílaframleiðendur að bregðast og það hefur General Motors þurft að gera á sársaukafullan hátt og hefur nú sagt upp 2.000 starfsmanna sinna í verksmiðjum sem framleiða fólksbíla GM. Eru þessar uppsagnir í verksmiðjum GM í Lansing í Michigan og Lordstown í Ohio. Þar eru meðal annars framleiddir bílarnir Chevrolet Cruze, Cadillac ATS og CTS og Chevrolet Camaro. Sala Cruze hefur fallið um 20 prósent á árinu og sala Camaro um 9 prósent. Í báðum verksmiðjunum verður þriðju vaktinni hætt og aðeins unnið á tveimur vöktum. Taka uppsagnirnar gildi frá og með janúar á næsta ári.

Um leið og GM tilkynnti þessar uppsagnir greindi fyrirtækið frá því að það hygðist fjárfesta fyrir 900 milljónir dollara í öðrum verksmiðjum fyrirtækisins sem framleiða jepplinga og jeppa, en ekki kemur fram hvort þessi fjárfesting kallar á ráðningar starfsfólks.

Kolabrautin
er á 4. hæð í Hörpu

Borðapantanir
í síma 519 9700

info@kolabrautin.is
www.kolabrautin.is

EST. 1929
ROMAGNA®
comes to

# ALESSIO CERA
á Kolabrautinni
18.-19. nóvember

Ekki missa af Alessio Cera frá Borgo dei Guidi.

Veitingastaðurinn hans er staðsettur á hinni rómuðu vínekru Poderi dal Nespoli á Ítalíu.

Allar upplýsingar um Alessio og matseðilinn hans má finna á kolabrautin.is



KOLABRAUTIN
RISTORANTE
×
Poderi dal Nespoli 1929




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| HACKSAW RIDGE | 8, 10.40 (P) |
| ARRIVAL | 8, 10.25 |
| TRÖLL 2D ÍSL.TAL | 6 |
| BRIDGET JONES'S BABY | 5.30, 8, 10.30 |
| DOCTOR STRANGE | 5.30 |




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| THE LIGHT BETWEEN OCEANS | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| THE ACCOUNTANT | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| THE ACCOUNTANT VIP | KL. 10:40 |
| SJÖUNDI DVERGURINN ÍSLTAL | KL. 6 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| DOCTOR STRANGE 2D VIP | KL. 5:30 - 8 |
| JACK REACHER 2 | KL. 8 - 10:30 |
| THE GIRL ON THE TRAIN | KL. 8 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 6 |
| SULLY | KL. 10:30 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| THE LIGHT BETWEEN OCEANS | KL. 8 - 10:40 |
| THE ACCOUNTANT | KL. 10:40 |
| SJÖUNDI DVERGURINN ÍSLTAL | KL. 6 |
| DOCTOR STRANGE 3D | KL. 5:30 - 8 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| THE LIGHT BETWEEN OCEANS | KL. 6 - 9 |
| THE ACCOUNTANT | KL. 5:30 - 8 - 10:40 |
| SJÖUNDI DVERGURINN ÍSLTAL | KL. 5:30 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| THE LIGHT BETWEEN OCEANS | KL. 6 - 9 |
| THE ACCOUNTANT | KL. 6 - 9 |
| DOCTOR STRANGE 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| THE LIGHT BETWEEN OCEANS | KL. 8 |
| THE ACCOUNTANT | KL. 8 - 10:40 |
| SJÖUNDI DVERGURINN ÍSLTAL | KL. 6 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 5:30 - 10:40 |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG








# Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

## 15. NÓVEMBER 2016

### Tónlist

**Hvað?** Harry Potter á tónleikum
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Langholtskirkja
Sinfóníuhljómsveit unga fólksins og Háskólakórinn flytja tónlistina úr Harry Potter og fanganum frá Azkaban eftir John Williams. Þetta er ein magnaðasta tónlist kvikmyndasögunnar. Þá verður flutt Gloría eftir John Rutter sem er frábært verk fyrir kór, málmblásara og orgel, einnig ballettinn Spartakus eftir Katsjatúrían og loks hornkonsert eftir Haydn. Einleikari er Halldór Bjarki Arnarson hornleikari en stjórnandi á tónleikunum er Gunnsteinn Ólafsson.

**Hvað?** Carol King Tribute
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg

**Hvað?** Tékkland-Ísland
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Menningarhúsið Hof
Í kvöld efnir Tónlistarfélag Akureyrar til tónleika í Hömrum sem bera yfirskriftina Tékkland-Ísland, en þar er stefnt saman tékkneskri og íslenskri tónlist og tónlistarflytjendum. PiKap strengjakvartettinn frá Tékklandi leikur strengjakvartett eftir Hildigunni Rúnarsdóttur ásamt kvartettum eftir Smetana, Sylvie Bodorová og Jaroslav Krcek og fær svo til liðs við sig Eydísi Franzdóttur ástaróbóleikara til flutnings á Divertimento d'Amore eftir tékkneska ungtónskáldið Daniel Pitra.



Sinfóníuhljómsveit unga fólksins og Háskólakórinn flytja tónlistina úr Harry Potter og fanganum frá Azkaban eftir John Williams í Langholtskirkju í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Hvað?** Klassík í Vatnsmýrinni – Knúið að dyrum
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Norræna húsið
Wunderhorn tríóið, Sesselja Kristjánsdóttir mezzósópran, Ágúst Ólafsson barítón og Eva Þyri Hilmarsdóttir píanóleikari flytja dúetta og ljóð eftir Johannes Brahms, Franz Schubert, Gustav Mahler og Antonin Dvořák.

**Hvað?** Orang Volante
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Prikið

### Uppákomur

**Hvað?** Heilsufæðan súkkulaði
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Gló, Fákafeni
Lærðu af hverju þú ættir að borða dökkt súkkulaði fyrir heilsuna þína. Á námskeiðinu hjá Ásdísi Rögnu verður farið yfir meðal annars: Ofurfæðan súkkulaði og heilsueflandi áhrif þess á líkamann. Vísindin á bak við kakóbaunina, næringarefni og virk efni. Áhrif súkkulaðis á geðið, þyngdarstjórnun, hjarta- og æðakerfi. Sætuefni og hráefni til að nota í súkkulaðigerð og heilsubakstur. Uppáhaldssúkkulaðiuppskriftirnar mínar: konfekt, kökur og fleira gómsætt. Ókeypis smakk á lífrænu hágæða súkkulaði. Allir þátttakendur fá súkkulaðigleðiglaðning með sér heim, auk þess fá þátttakendur uppskriftahefti með súkkulaðiuppskriftum og gefst kostur á að versla með afslætti í búðinni að námskeiði loknu.

**Hvað?** Star Wars Pub Quiz!
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Stúdentakjallarinn

**Hvað?** K K KULT: Plan 9 from outer space
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Gaukurinn

### Fundir

**Hvað?** Skattkerfið og framtíðin
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Háskólatorg, HT 101
Einar Guðbjartsson dósent flytur erindi á málstofu viðskiptafræðideildar. Skattkerfið og ógöngur þess hafa verið mikið í umræðunni á liðnum árum og hefur það verið byggt upp á svipuðum forsendum seinustu 100 ár. Í þessum fyrirlestri er rætt um þann forsendubrest sem núverandi skattkerfi býr við og gerð grein fyrir nýrri nálgun að skattkerfinu og hlutverki þess.
Allir velkomnir, ókeypis aðgangur.

**Hvað?** Ríkir hugarfar sköpunar í Reykjavík?
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir – Listasafn Reykjavíkur
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar stendur fyrir fundaröðinni BORGIN – HEIMKYNNI OKKAR um þróun og mótun borgarinnar. Á fundinum verður skapandi Reykjavík skoðuð út frá nokkrum sjónarhornum og spurningum, t.d. hvernig eru svæði borgarinnar, torg, byggingar og garðar nýtt sem rými til skapandi athafna? Hvernig skapast töfrandi andrúmsloft á viðburðum og iðandi mannlíf á götum borgarinnar? Gegna stjórnvöld mikilvægu hlutverki við að virkja sköpunarkraft fólksins í borginni? Leggja þau áherslu á fjölbreytta upplifun fyrir gesti og heimafólk? Fram koma, ásamt Hjálmari Sveinssyni, formanni umhverfis- og skipulagsráðs, Sigrún Inga Hrólfsdóttir, deildarforseti myndlistardeildar Listaháskóla Íslands, Grímur Atlason, framkvæmdastjóri Iceland Airwaves tónlistarhátíðarinnar, og Hildur Gunnlaugsdóttir, arkitekt og verkefnisstjóri borgarhönnunar hjá Reykjavíkurborg. Allir velkomnir, ókeypis aðgangur.

**Hvað?** Búseta geðfatlaðra
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Grand hótel Reykjavík
Málþing velferðarsviðs Reykjavíkur um stöðu, þróun og horfur í búsetumálum geðfatlaðra. Opnunarávarp flytur Ilmur Kristjánsdóttir, formaður velferðarráðs. Málþingsstjóri er María Einisdóttir, framkvæmdastjóri geðsviðs LSH. Allir velkomnir.





BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Slack Bay | 17:30, 22:30 |
| Captain Fantastic | 17:30 |
| Svarta gengið | 18:00 |
| The Girl With All The Gifts | 20:00 |
| Aumingja Ísland | 20:00 |
| Innsæi / The Sea Within | 20:00 |
| Child Eater | 22:00 |
| Embrace Of The Serpent | 22:00 |




AFMÆLISTILBOÐ
20-50%
AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM
LÍN DESIGN
Fögnum afmæli með
nýrri kósífatalínu fyrir
alla fjölskylduna
Lín
DESIGN
LAUGAVEGI 176 | GLERÁRTORGI | KRINGLAN | LINDESIGN.IS



**BLINDSPOT**

Hörkuspennandi þættir um Jane Doe sem gengur til liðs við FBI eftir að hún fannst algerlega minnislaus um sitt fyrra líf á Times Square með líkamann þakinn húðflúri. Jane var farin að muna ýmislegt úr fortíðinni í enda fyrri þáttaraðar og spennan magnast.

ÞRÆLGÓÐUR
**ÞRIÐJUDAGUR**

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365



**THE PATH**

LOKAÞÁTTUR

Eddie Lane lætur hrífast af kenningum sértrúarsafnaðar og skömmu síðar snýst veröld hans á hvolf og hann stendur frammi fyrir erfiðum ákvörðunum.



**UNDERGROUND**

LOKAÞÁTTUR

Hópur þræla ákveður að flýja harðstjóra sína af plantekru í Georgíu og þurfa þeir að leggja allt í sölurnar til þess að elta draum sinn um frelsi og betra líf. Magnaðir þættir sem gerast um miðja 19. öld.



**LUCIFER**

Stórskemmtileg sería um hinn illa Lucifer sem snýr aftur en hann vill verða betri maður en áður. Hann kynnist Ellu Lopez og þá breytist allt.



**SMALL APARTMENTS**

Líf Franklins einkennist af röð tilviljana sem leiða hann í alls kyns vandræði og ekki hjálpa sérlunduðu nágrannar hans mikið til.



**THE WIRE**

Í Baltimore eru eiturlyf mikið vandamál og yfirvöld virðast ráðþrota. Hér er á ferðinni magnþrungin sería þar sem fylgst er með baráttu lögreglunnar við eiturlyfjasala.



**BARNAEFNI ALLA DAGA**
**Kl. 07:00-20:30**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.

**Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.** **365.is**


# DAGSKRÁ

## Þriðjudagur

### STÖÐ 2

**07.00** **Simpson-fjölskyldan**
**07.25** **Loonatics Unleashed**
**07.50** **The Middle**
**08.15** **Mike & Molly**
**08.35** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **The Doctors**
**10.15** **60 mínútur**
**11.00** **Junior Masterchef Australia**
**11.50** **Suits**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **X-factor UK**
**13.55** **X-factor UK**
**14.45** **X-factor UK**
**15.45** **Save With Jamie**
**16.30** **Simpson-fjölskyldan**
**16.55** **Bold and the Beautiful**
**17.20** **Nágrannar**
**17.45** **Ellen**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.05** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.20** **2 Broke Girls**
**19.40** **Modern Family**
**20.05** **The Path**
**20.55** **Underground** (10:10) Magnaðir þættir sem gerast um miðja 19. öld og fjalla um hóp af þrælum sem áforma flótta frá plantekru í Georgíu og harðsvíruðum eiganda sínum. Þau kynnast afnámssinnum sem vilja aðstoða þá við flóttann og að elta draum sinn um frelsi og betra líf en til þess þurfa þau að leggja allt í sölurnar og ferðast um á hættuslóðum.
**21.40** **Blindspot**
**22.25** **Lucifer** (3:13) Önnur syrpan af þessum mögnuðu spennuþáttum frá Warner um djöfulinn sjálfan sem kom upp á yfirborð jarðar þegar hann fékk nóg af helvíti einn daginn. Hann finnur fyrir nýjum tilgangi og vill láta gott af sér leiða eftir að hann kynnist lögreglukonu og byrjar því aðstoða hana við rannsókn sakamála með sínum einstöku og yfirnáttúrulegu hæfileikum til þess að fá fólk til að uppljóstra sínum dýpstu leyndarmálum.
**23.10** **Last Week Tonight with John Oliver**
**23.40** **Grey's Anatomy**
**00.25** **Divorce**
**00.50** **Pure Genius**
**01.35** **Nashville**
**02.20** **100 Code**
**03.05** **Sabotage**
**04.50** **X Company**
**05.35** **X Company**

### STÖÐ 2 SPORT

**08.00** **Undankeppni HM**
**09.40** **Premier League**
**11.20** **Messan**
**12.50** **Domino's-deild kvenna**
**14.30** **Undankeppni HM**
**16.10** **Undankeppni HM**
**17.50** **Landsleikir Íslands**
**19.55** **England - Spánn**
**22.00** **Markaþáttur Undankeppni HM**
**22.50** **Undankeppni HM**
**00.30** **Undankeppni HM**

### STÖÐ 2 SPORT 2

**10.00** **Enska 1. deildin**
**11.40** **Football League Show**
**12.10** **Undankeppni HM**
**13.50** **Undankeppni HM**
**15.30** **Undankeppni HM**
**17.10** **Undankeppni HM**
**18.50** **Undankeppni HM**
**20.30** **UFC Countdown Show 2**
**21.15** **UFC Live Events**
**23.35** **Markaþáttur Undankeppni HM**

### STÖÐ 3

**17.15** **The League**
**17.45** **Mike & Molly**
**18.05** **New Girl**
**18.30** **Modern Family**
**18.50** **Fóstbræður**
**19.20** **Þriðjudagskvöld með Frikka Dór**
**19.50** **50 Ways to Kill Your Mammy**
**20.40** **The Last Man on Earth**
**21.05** **The Americans**
**21.50** **The Wire**
**22.45** **Klovn**
**23.15** **The Mentalist**
**23.55** **Legends of Tomorrow**
**00.40** **Flash**
**01.20** **Fóstbræður**
**01.50** **Þriðjudagskvöld með Frikka Dór**
**02.15** **50 Ways to Kill Your Mammy**
**03.05** **The Last Man on Earth**
**03.25** **Tónlist**

### KRAKKASTÖÐIN

**07.00** **Dóra könnuður**
**07.24** **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**07.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**08.00** **Áfram Diego, áfram!**
**08.24** **Svampur Sveinsson**
**08.49** **Lalli**
**08.55** **Rasmus Klumpur og félagar**
**09.00** **Kalli á þakinu**
**09.25** **Gulla og grænjaxlarnir**
**09.37** **Stóri og litli**
**09.49** **Hvellur keppnisbíll**
**10.00** **Zigby**
**10.10** **Ævintýraferðin**
**10.25** **Brunabílarnir**
**10.47** **Mæja býfluga**
**11.00** **Dóra könnuður**
**11.24** **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**11.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**12.00** **Áfram Diego, áfram!**
**12.24** **Svampur Sveinsson**
**12.49** **Lalli**
**12.55** **Rasmus Klumpur og félagar**
**13.00** **Kalli á þakinu**
**13.25** **Gulla og grænjaxlarnir**
**13.35** **Stóri og litli**
**13.47** **Hvellur keppnisbíll**
**14.00** **Zigby**
**14.10** **Ævintýraferðin**
**14.25** **Brunabílarnir**
**14.47** **Mæja býfluga**
**15.00** **Dóra könnuður**
**15.24** **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**15.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**16.00** **Áfram Diego, áfram!**
**16.24** **Svampur Sveinsson**
**16.49** **Lalli**
**16.55** **Rasmus Klumpur og félagar**
**17.00** **Kalli á þakinu**
**17.25** **Gulla og grænjaxlarnir**
**17.35** **Stóri og litli**
**17.47** **Hvellur keppnisbíll**
**18.00** **Zigby**
**18.10** **Ævintýraferðin**
**18.25** **Brunabílarnir**
**18.47** **Mæja býfluga**
**19.00** **Litla stóra Pandan**

### GOLFSTÖÐIN

**08.00** **PGA Tour**
**08.55** **OHL Classic**
**11.55** **Nedbank Golf Challenge**
**13.55** **Ryder Cup Official Film**
**15.10** **OHL Classic**
**18.10** **Golfing World**
**19.00** **OHL Classic**
**22.00** **Nedbank Golf Challenge**

### BÍÓSTÖÐIN

**11.55** **Leonie Ung**
**13.35** **The Little Rascals Save the Day**
**15.15** **St. Vincent**
**17.00** **Leonie Ung** Bandarísk kona eignast son með japönskum unnusta sínum og fer með honum til Japans þar sem hún neyðist fljótlega til að standa á eigin fótum. Kvikmyndin Leonie er saga Leonie Gilmour sem árið 1904 eignaðist soninn Isamu Noguchi með unnusta sínum, japanska ljóðskáldinu Yone Noguchi og flutti síðan til hans í Japan þar sem hún komst að því að hann átti tvær aðrar eiginkonur. Við það gat Leonie ekki sætt sig, ákvað að yfirgefa Yone og freista þess að standa á eigin fótum í Japan.
**18.40** **The Little Rascals Save The Day**
**20.15** **St. Vincent**
**22.00** **Small Apartments**
**23.35** **Hateship Loveship**
**01.15** **Bad Asses on the Bayou** Spennumynd frá 2015 um Frank Vega og Bernie Pope sem lenda í spennandi hættuför í Louisiana.
**02.40** **Small Apartments** Gamanmynd frá 2012 með Matt Lucas, Billy Crystal, James Marsden og Rebel Wilson. Líf Franklins Franklin einkennist af röð súrrealískra atvika sem leiða hann í alls kyns vandræði og ekki hjálpa sérlundaðir nágrannar hans mikið til.

### RÚV

**15.00** **Skrekkur**
**17.00** **Downton Abbey**
**17.50** **Táknmálsfréttir**
**18.00** **KrakkaRÚV**
**18.01** **Hopp og hí Sessami**
**18.25** **Hvergidrengir**
**18.50** **Krakkafréttir**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.30** **Veður**
**19.35** **Kastljós**
**20.00** **Áttundi áratugurinn – Hryðjuverk heima og erlendis**
**20.45** **Herra Sloane**
**21.15** **Castle**
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.25** **Foster læknir**
**23.20** **Horfinn**
**00.20** **Kastljós**
**00.45** **Dagskrárlok**

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **The Millers**
**08.20** **Dr. Phil**
**09.00** **The Biggest Loser**
**09.45** **The Biggest Loser**
**10.35** **Pepsi MAX tónlist**
**13.20** **Dr. Phil**
**14.00** **Superstore**
**14.20** **No Tomorrow**
**15.05** **Life In Pieces**
**15.25** **Odd Mom Out**
**15.50** **Survivor**
**16.35** **The Tonight Show**
**17.15** **The Late Late Show**
**17.55** **Dr. Phil**
**18.35** **Everybody Loves Raymond**
**19.00** **King of Queens**
**19.25** **How I Met Your Mother**
**19.50** **Younger**
**20.15** **Jane the Virgin**
**21.00** **Code Black**
**21.45** **Scorpion**
**22.30** **The Tonight Show**
**23.10** **The Late Late Show**
**23.50** **CSI. Cyber**
**00.35** **Sex & the City**
**01.00** **Chicago Med**
**01.45** **Bull**
**02.30** **Code Black**
**03.15** **Scorpion**
**04.00** **The Tonight Show**
**04.40** **The Late Late Show**
**05.20** **Pepsi MAX tónlist**

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# BÍLALEIGUBÍLAR TIL SÖLU

ALLIR BÍLALEIGUBÍLAR Í ÁBYRGÐ!

**NÝ NOKIAN VETRARDEKK FYLGJA TIL 19. NÓVEMBER - KOMDU Í DAG!**



NÝ VETRARDEKK FYLGJA

**TILBOÐ: 1.990.000 kr.**
~~Verð 2.190.000 kr.~~
**Citroën Berlingo Multispace** HSH32
03/2015, 1,6HDi dísil, beinskiptur.
Hvítur. Ek. 50.000 km.
**Í ÁBYRGÐ**



NÝ VETRARDEKK FYLGJA

**TILBOÐ: 1.590.000 kr.**
~~Verð: 1.740.000 kr.~~
**Ford Fiesta Titanium** SIA74
05/2014, 1,0i bensín, beinskiptur.
Grænn. Ek. 60.500 km.
**Í ÁBYRGÐ**



NÝ VETRARDEKK FYLGJA

**TILBOÐ 2.990.000 kr.**
~~Verð 3.490.000 kr.~~
**Ford Kuga Titanium** PSS03
06/2014, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur.
Silfur. Ek. 103.000 km.
**Í ÁBYRGÐ**



NÝ VETRARDEKK FYLGJA

**TILBOÐ 1.490.000 kr.**
~~Verð: 1.690.000 kr.~~
**Citroën C3 Attraction** EIX34
05/2015, 1,0i bensín, beinskiptur.
Blár. Ek. 40.000 km.
**Í ÁBYRGÐ**



NÝ VETRARDEKK FYLGJA

**TILBOÐ: 1.890.000 kr.**
~~Verð: 2.190.000 kr.~~
**Ford Focus Trend Edition** NBS13
06/2015, 1,0i bensín, beinskiptur.
Silfur. Ek. 60.500 km.
**Í ÁBYRGÐ**



NÝ VETRARDEKK FYLGJA

**TILBOÐ: 2.990.000 kr.**
~~Verð: 3.490.000 kr.~~
**Ford Mondeo Trend Edition** OYH05
04/2015, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur.
Grár. Ek. 65.000 km.
**Í ÁBYRGÐ**



NÝ VETRARDEKK FYLGJA

**TILBOÐ 1.690.000 kr.**
~~Verð 1.890.000 kr.~~
**Citroën C4 Cactus Live** LZE16
06/2015, 1,2i bensín, beinskiptur.
Rauður/Svartur. Ek. 57.000 km.
**Í ÁBYRGÐ**



NÝ VETRARDEKK FYLGJA

**TILBOÐ 2.990.000 kr.**
~~Verð: 3.390.000 kr.~~
**Mazda6 Vision** EYY34
05/2015, 2,0 SKYACTIV bensín, sjálfskiptur.
Silfur. Ek. 69.000 km.
**Í ÁBYRGÐ**



NÝ VETRARDEKK FYLGJA

**TILBOÐ 1.990.000 kr.**
~~Verð 2.190.000 kr.~~
**Citroën C4 Comfort** RPH03
06/2014, 1,6HDi dísil, sjálfskiptur.
Ljósbrúnn. Ek. 65.000 km.
**Í ÁBYRGÐ**



NÝ VETRARDEKK FYLGJA

**TILBOÐ 2.590.000 kr.**
~~Verð: 2.790.000 kr.~~
**Mazda3 Vision** MUS15
04/2016, 2,0 SKYACTIV bensín, beinskiptur.
Silfur. Ek. 37.000 km.
**Í ÁBYRGÐ**



NÝ VETRARDEKK FYLGJA

**TILBOÐ: 2.590.000 kr.**
~~Verð 2.870.000 kr.~~
**Ford Grand C-MAX Trend Edition** ZJH74
04/2015, 1,0i bensín, sjálfskiptur. 7 sæta.
Grár. Ek. 53.000 km.
**Í ÁBYRGÐ**



NÝ VETRARDEKK FYLGJA

**TILBOÐ: 2.690.000 kr.**
~~Verð 2.990.000 kr.~~
**Citroën C4 Picasso Sedcution** PAX61
5/2015, 1,6HDi dísil, sjálfskiptur.
Rauður. Ek. 42.000 km.
**Í ÁBYRGÐ**

- Brimborg tekur allar tegundir bíla uppí
- Allt að 90% fjármögnun í boði
- Komdu og prófaðu

**NOTADIR.BRIMBORG.IS**

*FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK*
*Notaðir bílar - Brimborg*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Söludeildir eru opnar
virka daga kl. 9-17
og laugardaga 12-16.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Myndir af bílunum eru aðeins tákn um bíla sömu gerðar og því getur útbúnaður og litur verið frábrugðinn.



Kisi litli var frelsinu feginn þegar hann var settur um borð í kranann.



Eins og sést var kisi pikkfastur og gat sig hvergi hreyft.

# Fagnaðarfundir eftir björgun

Kattareigandi í Reykjavík þurfti aðstoð Slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu til að ná kettinum sínum niður af syllu á húsþaki þar sem hann sat í sjálfheldu.

Slökkviliðið fær einstaka sinnum beiðni frá borgurum um að ná köttum niður af húsþökum en yfirleitt komast kettirnir niður af eigin rammleik.

Það voru miklir fagnaðarfundir þegar slökkviliðið kom niður úr krananum með köttinn og var eigandinn hálf bugaður. Knúsaði hvern einasta slökkviliðsmann og þakkaði fyrir björgunina.

Kisinn tók vel á móti slökkviliðsmönnunum og virtist njóta ferðarinnar niður samkvæmt upplýsingum frá Slökkviliði Reykjavíkur.

Kettir klifra oft hærra en hugrekkið leyfir og sat kisi fastur á syllu undir þakskeggi hússins og gat enga björg sér veitt. Hann var því ánægður að sjá slökkviliðshetjurnar bjóða fram arminn og far niður í faðm eiganda síns. **benediktboas@365.is**



Eigandi kattarins var gríðarlega sáttur við slökkviliðið og átti erfitt með að leyna tilfinningum sínum. MYNDIR/SLÖKKVILIÐIÐ

# Bökunarbiblían í ofninum

„Ég er búin að safna rúmlega 1.000 evrum af 4.500 evra takmarki mínu, en á Karolina Fund geta áhugasamir tryggt sér bókina á spottprís, eða tæplega 3.000 krónur," segir Lilja Katrín Gunnarsdóttir, en hún ætlar að gefa út bökunarbiblíuna, sem verður stútfull af uppskriftum, sykursætum ráðum og girnilegum fróðleik.

Lilja Katrín heldur úti bökunarblogginu Blaka þar sem hún einbeitir sér að sérstöku þema í hverjum mánuði.

„Bloggreglurnar eru einfaldar, fullt af ást, fullt af sykri og fullt af konfekti fyrir bæði augu og munn," segir Lilja full bjartsýni yfir söfnuninni sem stendur yfir næstu tuttugu daga.

„Ég ætla að berjast fyrir þessari kökubók fram í síðustu bollakökusort," segir Lilja.



Lilja Katrín Gunnarsdóttir

**gudrunjona@frettabladid.is**

Made in Iceland
BIOEFFECT
BIOEFFECT KYNNINGARDAGAR




20% afsláttur af BIOEFFECT húðvörum
15. & 16. nóvember í Sigurboganum

Sérfræðingur frá BIOEFFECT
verður á staðnum og veitir góð ráð

SIGURBOGINN
SNYRTI- OG TÍSKUVÖRUVERSLUN


Vegendary
NÝ GRÆNMETISPIZZA
Á MATSEÐLI DOMINO'S
Tónlistarfólkið ARNAR FREYR FROSTASON og SALKA SÓL EYFELD eru grænmetisætur og hafa mjög ákveðnar skoðanir á því hvernig góð pizza á að bragðast. Svo ákveðnar að þau settu sig í samband við Domino's með sjóðheita og ferska hugmynd að nýrri grænmetispizzu.
★ ★ ★ ★ ★
Við hjá Domino's prófuðum og við hreinlega elskum hana.
Þessi nýja grænmetispizza er nú komin á matseðil og heitir Vegendary.
ÞÚ VERÐUR AÐ PRÓFA HANA. Í ALVÖRU.
PIPAR\TBWA · SÍA
„Þegar við beiluðum á kjöti tók við áhugavert tímabil þar sem við þurftum að læra að nálgast mat upp á nýtt. Í okkar huga var pizza máltíð með kjöt í forgrunni og annað álegg fékk að vera með til að hæla kjötinu. Ást grænmetisæta á dörra er engu minni en annarra. Margar grænmetisætur eru meira að segja sammála um að liturinn grænn eigi helst ekki að vera sýnilegur á pizzu – jalapeño er reyndar undantekningin. Vegendary er skýrt andsvar við mýtunni um að „grænar“ pizzur séu leiðinlegar. Þessi pizza er ferðalag, þessi pizza er kjötlaus gjöf frá guðunum, þessi pizza er 42. Ekkert að þakka.“
ARNAR FREYR FROSTASON OG SALKA SÓL EYFELD
Cheddarostur, ferskur mozzarella, ananas, jalapeño, laukur, rauðlaukur, hvítlaukur, chiliflögur, svartur pipar og toppuð með BBQ sósu.
DOMINO'S APP • DOMINOS.IS







Guðjón Davíð Karlsson, eða Gói, á æfingu í gær á Fjarskalandi ásamt dóttur sinni, Kristínu Þórdísi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hægt og rólega að færa sig yfir í skrifin

Fjarskaland, eftir **Guðjón Davíð Karlsson** eða Góa, verður frumsýnt í janúar. Þetta verður fyrsta stóra verk hans en áður hefur hann skrifað styttri sýningar. Hann lofar fullt af fjöri.

„Ef þetta væri bíómynd þá væri þetta fyrsta myndin mín í fullri lengd,“ segir Guðjón Davíð Karlsson, betur þekktur sem Gói en sýning hans Fjarskaland verður frumsýnd í janúar í Þjóðleikhúsinu.

„Ég er búinn að skrifa um 80 þætti af Stundinni okkar og ég gerði líka styttri verk í Borgarleikhúsinu á sínum tíma, Gói og baunagrasið og Gói og eldfærin auk þess að hafa skrifa tvær sjónvarpsmyndir. Hægt og rólega er ég að færa mig yfir í skrifin, verður maður ekki að gera það? Eru ekki allir búnir að fá nóg af mér?“ segir hann og hlær.

Gói segir að sýningin sé fjörug með fullt af tónlist og spennu. Fjarskaland er þar sem persónur gömlu ævintýranna eiga heima en þar sem fólkið í mannheimum sé hætt að lesa ævintýrin séu persónurnar að gleymast og glatast. Þegar úlfurinn í Rauðhettu stelur ömmu úr mannheimum fer af stað atburðarás sem sé full af spennu og söng og alls konar skemmtilegheitum.

„Ég hef áður gert stuttar sýningar og sett þær upp á litlum sviðum. Fjarskaland verður á stóra sviðinu með fullt af leikurum, dönsurum og hljómsveit með allar græjur. Þetta verður vonandi æsispennandi en samt skemmtilegt því þarna skjóta upp kollinum alls konar ævintýrapersónur,“ segir leikarinn og höfundurinn Gói. **benediktboas@365.is**

> **ÉG HEF ÁÐUR GERT STUTTAR SÝNINGAR OG SETT ÞÆR UPP Á LITLUM SVIÐUM. FJARSKALAND VERÐUR Á STÓRA SVIÐINU MEÐ FULLT AF LEIKURUM, DÖNSURUM OG HLJÓMSVEIT MEÐ ALLAR GRÆJUR**

## Guðjón Davíð Karlsson Gói



Útskrifaðist frá leiklistardeild Listaháskóla Íslands vorið 2005.
Var fastráðinn við Leikfélag Akureyrar strax eftir útskrift.
Ráðinn til Borgarleikhússins árið 2008.
Ráðinn til Þjóðleikhússins árið 2015.
Leikur í Djöfleyjunni, og mun einnig leika í Óþelló og Húsinu.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



Geysir Skólavörðustíg 7 & 16 & Kringlan, Reykjavík. Hafnarstræti, Akureyri. Geysir, Haukadalur. Sími 519 6000 — geysir.com.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Erlu Bjargar Gunnarsdóttur




## Helvítisgjáin

Trump verður forseti eftir að helmingur Bandaríkjamanna viðurkennir að hafa aldrei fundið sína rödd í kór réttlætisins og hafnar elítustjórnmálum. Hinn helmingurinn fyllist skelfingu yfir hávaðanum í þögninni.

Bretar hafna Brexit eftir að helmingur þjóðarinnar viðurkennir ótta sinn. Hinn helmingurinn fær köfnunartilfinningu.

Á Íslandi rekur kjararáð fleyg á milli alþýðu og elítu. Og helmingur landans virðist vilja IKEA-geitina í ljósum logum, hinn vill hana með rauðum borðum.

Skýrsla um fátækt í Breiðholti styður enn frekar þá tilfinningu að flekarnir, sem halda landinu saman, fjarlægist hvor annan óðfluga. Með tilheyrandi nuddi og brestum sem geta eingöngu endað með heilmiklum skjálfta.

Og hvað gerir maður í skjálfta? Reynir að bjarga lífi sínu og sinna nánustu. Hleypur í skjól. Kannski skattaskjól. Eða grúfir sig með hausinn ofan í sandinn í einangruðu og bólstruðu skjóli. Breiðir út faðminn og setur mjólk, slátur og fjölskylduna í fangið. Enginn kemst inn og enginn kemst út.

Og þegar maður er rétt við það að missa trúna á umburðarlyndi. Á það að ólíkir hópar samfélagsins geti einn daginn sameinast með hagsmuni heildarinnar fyrir brjósti. Þegar maður sér fram á að til lengri tíma verði alþýða og elíta stríðandi fylkingar með fullkomnu skilningsleysi og vandlætingu. Að lífið verði svart og hvítt. Gott og vont. Já og nei.

Akkúrat þá í miðri örvæntingunni mætir forseti Íslands í vinnuna með buff. Nú er hvítt buff með nafni Alzheimer-samtakanna í fjólubláum stöfum mitt vonarljós.








